

Stjórnartíðindi

1967 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 158, 169, og 197.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1967

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1967
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	6. jan.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81/1965.	1
2	23. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar	2
3	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis	2
11	15. febr.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	13
15	20. febr.	Auglýsing um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58/1964	19
16	1. marz	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.	19
8	4. marz	Lög um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.	12
9	10. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.	12—13
5	15. marz	Lög um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.	5
10	20. marz	Lög um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakaup-túni í Suður-Múlasýslu.	13
6	25. marz	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum	6—9
17	27. marz	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	20
12	28. marz	Lög um viðauka við breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauð-fjárjúkdóma og útrýmingu þeirra	14—17
13	S. d.	Lög um breyting á læknaSKIPUNARLögum, nr. 43 12. maí 1965	18
4	31. marz	Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins	3—4
7	S. d.	Lög um námslán og námsstyrki	9—12
14	1. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga	18
19	14. apríl	Lög um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum ..	23

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
21	19. apríl	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir	25
18	22. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	21—23
20	S. d.	Lög um Búreikningastofu landbúnaðarins	24—25
22	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigu-bifreiðar	26
23	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfmannanna ríkisins	26—27
25	S. d.	Lög um Landhelgisgæzlu Íslands	28—30
26	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967	31—32
50	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara	73
53	S. d.	Lög um fávitastofnanir	76—78
52	27. apríl	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965	75—76
54	S. d.	Lög um jarðeignasjóð ríkisins	79—81
55	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi	81
56	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjar-sýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu	82
57	S. d.	Lög um sölu kristfjarjarðarinnar Litlu-Þúfu í Mikla-holtshreppi	82—83
41	28. apríl	Lög um bátaábyrgðarfélög	47—51
47	S. d.	Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	56—59
24	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.	27
27	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1967, um Há-skóla Íslands	32—33
28	S. d.	Lög um breyting á og viðauka við lög um almennings-bókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963	33—34
29	S. d.	Lög um listamannalaun	34—35
30	S. d.	Lög um breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962	36
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð	37—38
32	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar	38
33	S. d.	Lög um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	39—40
34	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1965	40—41
35	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómannanna og undirmanna á far-skipum	42
36	S. d.	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignanámsheimild á íbúðarréttindum	42—43

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
37	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins	43—44
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum	44
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum	45
40	S. d.	Lög um Skipaútgerð ríkisins	45—46
42	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum	52—53
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekju-skatt og eignarskatt	53
44	S. d.	Lög um sölu lands úr ríkissjórðinni Grenivík í Grýtu-bakkahreppi	54
45	S. d.	Lög um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965	54—55
46	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mos-fellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur	55
48	S. d.	Hafnalög	59—65
49	S. d.	Lög um skólakostnað	65—73
58	S. d.	Orkulög	83—97
59	4. maí	Auglýsing um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	97
51	10. maí	Bráðabirgðalög um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands	74
60	11. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins	98
61	18. maí	Auglýsing um endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1967 og 1968	99—108
62	S. d.	Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu	108—110
64	7. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	113
65	12. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	113
84	13. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og 2 frá 19. jan. 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966	138
63	16. júní	Bráðabirgðalög um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskreytamanna á islenzkum farskipum og eigenda islenzkra farskipa	111—112
66	11. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	113
67	6. ágúst	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	114

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
71	21. sept.	Auglýsing um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn, 10. október 1967	122
68	10. okt.	Lög um Iðnlánasjóð	114—118
69	25. nóv.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu	119—120
70	29. nóv.	Lög um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar	121
72	S. d.	Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.	122
73	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	123
74	18. des.	Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu	123—124
75	19. des.	Lög um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.	124
77	S. d.	Lög um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921.	125
76	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt	124
78	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt	125—126
79	S. d.	Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.	126—128
80	S. d.	Lög um breytingu á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947	128
81	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961	129
82	S. d.	Lög um Bjargráðasjóð Íslands	129—132
83	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar	132—138
85	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1968	139—260
86	S. d.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með breytingu samkv. reglugerð nr. 58 frá 1. sept. 1964	261

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Almannatryggingar.	
83	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar	132—138
		Almannavarnir.	
30	29. apríl	Lög um breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962	36
		Almenningsbókasöfn, sjá Menntamál.	
		Alþingi.	
2	23. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar	2
3	14. febr.	Lög um samkomulag reglulegs Alþingis	2
21	19. apríl	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir	25
71	21. sept.	Auglýsing um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1967	122
		Bankamál.	
69	25. nóv.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu	119—120
		Barnavernd, sjá Menntamál.	
		Bátaábyrgðarfélög.	
41	28. apríl	Lög um bátaábyrgðarfélög	47—51
		Bjargráðasjóður Íslands.	
82	29. des.	Lög um Bjargráðasjóð Íslands	129—132
		Bráðabirgðalög.	
51	10. maí	Bráðabirgðalög um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafraeðingafélags Íslands	74

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
60	11. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins	98
63	16. júní	Bráðabirgðalög um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskýtamanna á íslenskum farskipum og eigenda íslenskra farskipa	111—112
Dómsmál.			
32	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lög- tak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar	38
75	19. des.	Lög um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947	124
77	S. d.	Lög um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskap- ar, nr. 39 27. júní 1921	125
Einkasala.			
19	14. apríl	Lög um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum	23
Félagsmál.			
80	29. des.	Lög um breyting á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947	128
81	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961	129
Fjárlög, ríkisreikningur.			
34	29. apríl	Fjáraukalög fyrir árið 1965	40—41
52	27. apríl	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965	75—76
85	29. des.	Fjárlög fyrir árið 1968	139—260
Forseti Íslands.			
11	15. febr.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	13
16	1. marz	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	19
17	27. marz	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	20
59	4. maí	Auglýsing um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	97
64	7. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	113
65	12. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.	113
66	11. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	113
67	6. ágúst	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	114
Hafnir, sjá Samgöngumál.			

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíða
Háskóli Íslands.			
1	6. jan.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81/1965	1
15	20. febr.	Auglýsing um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58/1964	19
27	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands	32—33
84	13. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og 2 frá 19. janúar 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966	138
86	29. des.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58 frá 1. september 1964	261
Heilbrigðismál.			
13	28. marz	Lög um breyting á læknaáskilum, nr. 43 12. maí 1965	18
53	22. apríl	Lög um fávitastofnanir	76—78
Iðnaðarmál.			
31	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð	37—38
68	10. okt.	Lög um Iðnlánasjóð	114—118
Jarðir, kaup og sala.			
9	10. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ	12—13
36	29. apríl	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum	42—43
44	S. d.	Lög um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtu-bakkahreppi	54
46	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur	55
55	27. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjadal í Öxarfjarðahreppi	81

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
56	27. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjar-sýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu	82
57	S. d.	Lög um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Mikla-holtshreppi	82—83
Kópavogur.			
36	29. apríl	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttind-um	42—43
Landbúnaður.			
12	28. marz	Lög um viðauka við breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúk-dóma og útrýmingu þeirra	14—17
20	22. apríl	Lög um Búreikningastofu landbúnaðarins	24—25
45	29. apríl	Lög um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965	54—55
54	27. apríl	Lög um jarðeignasjóð ríkisins	79—81
73	29. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um fram-leiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðl-un og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	123
74	18. des.	Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenzkrar krónu	123—124
Landhelgisgæzlan.			
25	22. apríl	Lög um Landhelgisgæzlu Íslands	28—30
Launamál.			
23	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Líf-eyrissjóð starfsmanna ríkisins	26—27
33	29. apríl	Lög um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	39—40
35	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um líf-eyrissjóð togarasjómannanna og undirmanna á farskip-um	42
50	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Líf-eyrissjóð barnakennara	73
51	10. maí	Bráðabirgðalög um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjfræðingafélags Ís-lands	74
63	16. júní	Bráðabirgðalög um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum og eigenda íslenzkra farskipa	111—112
70	29. nóv.	Lög um verðlagsuppbót á laun og um visitölu fram-færslukostnaðar	121

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Lántökuheimildir.	
26	22. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967	31—32
		Leigubifreiðar.	
22	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar	26
		Lífeyrissjóðir.	
23	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins	26—27
50	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara	73
		Menntamál.	
6	25. marz	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum	6—9
7	31. marz	Lög um námslán og námsstyrki	9—12
8	4. marz	Lög um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna	12
28	29. apríl	Lög um breyting á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963	33—34
29	S. d.	Lög um listamannalaun	34—35
49	S. d.	Lög um skólakostnað	65—73
		Orkuveitur.	
58	29. apríl	Orkulög	83—97
		Ríkisborgarréttur.	
18	22. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	21—23
		Ríkisstofnanir.	
40	29. apríl	Lög um Skipaútgerð ríkisins	45—46
		Samgöngumál.	
48	29. apríl	Hafnalög	59—65
61	18. maí	Auglýsing um endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1967 og 1968	99—108
		Siglingar, skip.	
47	28. apríl	Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	56—59
		Sjávarútvegur.	
4	31. marz	Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins	3—4
5	15. marz	Lög um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961	5
37	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins	43—44
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum	44

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
42	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum	52—53
60	11. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins	98
62	18. maí	Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu	108—110
79	29. des.	Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.	146—128
Skattar, gjöld.			
24	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.	27
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt	53
76	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt	124
78	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 90 7 okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt	125—126
Skipaúngerð ríkisins, sjá Ríkisstofnanir.			
Stýrimannaskóli, sjá Menntamál.			
Sveitastjórnarmál.			
80	29. des.	Lög um breyting á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947	128
81	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961	129
Tollar, sjá skattar, gjöld.			
Útsvar.			
14	1. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga	18
Verðlagsmál.			
72	29. nóv.	Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960	122
Verðlagsuppbætur.			
70	29. nóv.	Lög um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar	121
Verzlun.			
10	20. marz	Lög um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakaup-túni í Suður-Múlasýslu	13
76	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt	124
Öryggismál.			
39	29. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum	45

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1967

6. janúar 1967.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 6. janúar 1967 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

Við d-lið 55. gr. bætist svofelld ákvæði:

Heimskideild getur heimilað stúdent, er les til kandidateits- eða meistaraþrófs í íslenskum fræðum skv. 53. gr., I. lið, reglugerðar nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, að ljúka síðara hluta þrófs í þremur áföngum, einni þrófgrain í hverjum, enda hljóti stúdentinn tilskilda lágmarksmeðaleinkunn skv. 68. gr. í hverju áfangaprófi (en auk þess 1. einkunn úr öllum þremur áfangaprófum samanlögðum, skv. 53. gr. I, B, 3. mgr., sé um meistaraþróf að ræða).

Síðasti áfanginn skal ætíð vera þróf í kjörsviðsgrain, og skal stúdent ljúka því í síðasta lagi á fjórða misseri, talið frá og með því misseri, er hann gengur undir fyrsta áfangaprófi. Ef út af bregður, fellur hvort áfangaprófið (þ. e. þróf fyrsta og annars áfanga) úr gildi í lok fjórða misseris, talið frá og með því misseri, er stúdentinn gekk undir það í fyrsta sinn.

Stúdent er heimilt að ljúka þrófum fyrsta og annars áfanga áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

Á sama hátt getur deildin heimilað stúdent, er les til kandidateitsþrófs í íslensku með aukagrain skv. 53. gr. II, að ljúka síðara hluta þrófs í tveimur áföngum, og skal stúdent þá ljúka síðara áfanganum (þrófi í kjörsviðsgrain) í síðasta lagi á þriðja misseri frá og með fyrra áfanga.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. janúar 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 87. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar miðvikudaginn 1. febrúar 1967, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 23. janúar 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nr. 3.

14. febrúar 1967.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1967

31. marz 1967.

3

Nr. 4.

L Ö G

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 8% viðbót við það lágmarksverð á ferskfiski öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast þannig, að 5% greiðist mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins.

2. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlag til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 millj. kr. frá því, sem ákveðið er í 16. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, með þeirri breytingu, sem ákveðin var með lögum nr. 67 23. des. 1964, um breytingu á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 millj. kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

4. gr.

Heimilt er að greiða viðbótarbætur á linufisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1966, umfram þá 25 aura á kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 16 16. apríl 1966, að ríkissjóður skyldi greiða. Heildarverðbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 skulu þó ekki fara fram úr 20 millj. kr.

5. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1966 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

6. gr.

Stofna skal sjóð, er hafi það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, svo sem fyrir er mælt í 7. gr.

A 1¹

Ríkissjóður greiði til sjóðsins 140 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjárframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð. Ríkissjóður ábyrgist, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar þær, sem á hann eru lagðar í 7. gr.

7. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 6. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967, aðrar en síldar- og loðnuafurðir. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verðlag, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verði verðfall á árinu 1967, er nemi meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skuli verðbæturnar hækka til viðbótar um 2% af heildarverðlækkuninni fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, er sjávarútvegsmálaráðherra setur.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, er verja skal til framleiðni- aukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinnar framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

9. gr.

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

10. gr.

Í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn, lætur ríkisstjórnin fram fara athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiðnaðarins. Á grundvelli hennar verði gerðar tillögur, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisóflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðila þannig: 1 frá samtökum sjómanna, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og 1, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: úrgangsfiski og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964, um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, inn í lög nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „einni tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf“ í 2. gr. laganna komi: eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

2. gr.

Á eftir orðinu „íþróttir“ í 3. gr. laganna komi: einkum sund.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í skólanum skulu vera fiskimannapróf 1. og 2. stigs.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Til fiskimannaprófs 1. stigs útheimtis:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, almenn brot, tugabrot, finna eina óþekkta stærð í jöfnu, þríliðureikning, einfaldan prósentureikning, veldi og rót, notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinarn línur, horn, þríhyrningar, ferhyrningar, hringurinn, flatarmál þríhyrnings, rétthyrnings og hrings.
3. Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún er fundin með jarðlægum athugunum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á miðunartækjum, vegmælum og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, drift og straumi; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í sjókortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á meðferð og notkun helztu siglinga- og fiskileitartækja og annarra raftækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum, á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, reiða og seglum, undirstöðuþekking á stöðugleika skipa; taliureikningur, almennar skipamælingar.

3. Að kunna algengustu hnúta, samsetning kaðla og víra, netaviðgerð og seglasaum. Gerð veiðarfæra og meðferð þeirra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að læra íslenzka réttitun og undirstöðuatriði íslenzkrar málfraði, einkum þau atriði, er stuðla að stafsetningarkunnáttu. Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttitun og geta samið stutta ritgerð um efni, sem tilheyrir starfi þeirra, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett. Nemendur læri skýra framsetningu og réttan framburð íslenzkrar tungu.

V. Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VI. Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VII. Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna.

VIII. Heilsufræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.
4. Þekking á notkun lyfja og tækja í lyfjakistu skips.

5. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, sem verður 6. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til fiskimannaprófs 2. stigs útheimtist hið sama og til fiskimannaprófs 1. stigs og enn fremur:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í flatarmálsfræði: Marghyrningar, sporbaugur, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, uppdrættir og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
2. Í þríhyrningafræði: Sinus-regla um flata þríhyrninga.
3. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks og þyngdar tenings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins, kunna að finna segulskekkju með viks-athugun sólar, skyn á kompás-leiðréttingum.
2. Þekking á samdrætti og kunna að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða með vaxandi breiddarmun og lengdarmun.
3. Þekking á leiðarbókarhaldi.
4. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum þess, á að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólar.

5. Þekking á hæðarleiðréttingum sólar og að kunna að finna breiddina með athugun sólar í hádegisbaug.
 6. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið og segulskekkju kompássins með hæðaraðferðinni.
 7. Fyllri þekking á meðferð og notkun helztu siglinga- og fiskileitartækja og annarra raftækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.
- III. Sjómennska (munnleg og skrifleg):
1. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og flöggum og þekking á ljós- og hljóð-morsemerkjum eftir Morse-stafrófi.
 2. Skipamælingar og fyllri þekking á stöðugleika skipa. Áhrif skrúfu og stýris.
 3. Þekking í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati.
 4. Þekking á almenntri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu.
- IV. Íslenzka (munnleg og skrifleg):
- Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri málfræðiþekking og helztu atriði setningafræðinnar.
- V. Danska (munnleg):
- Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli, einkum úr sjómannamáli, geta talað dönsku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.
- VI. Enska (munnleg):
- Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, geta talað ensku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.
- VII. Sjóréttur (skriflegur):
- Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs.
- VIII. Heilsufræði (munnleg):
- Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
- IX. Vélfræði (munnleg):
- Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, vindur og dælur, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.
- X. Bókhald:
- Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
- XI. Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði og læra og skilja helztu tákni og skýringar á veðurkortum.

6. gr.

6. gr. laganna, sem verður 7. gr., orðist þannig:

Við burtfararpróf skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum. Í fallgreinum skulu þó vera tveir prófdómarar.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

7. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa próf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskirteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteini við burtfararpróf skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu alþjóðamáli.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 25. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

31. marz 1967.

Nr. 7.

L Ö G

um námslán og námsstyrki.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Lánasjóður íslenzkra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af fé því, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast lántökur og hafa með höndum fjármál sjóðsins.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Úthlutun lána og styrkja fer fram samkvæmt reglum, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

Útborgun lána, bókhald, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Stjórn sjóðsins ræður sjóðnum starfslið, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI

Um námslán.

5. gr.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum árgreiðslum (annuitet) á allt að fimmtán árum með 5% ársvöxtum, og skulu endurgreiðslur hefjast fimm árum eftir að námi lýkur, en vextir reiknast frá námslokum. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán árlega, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánnum þessum skulu lántakar gefa út skuldabréf, og ákveður stjórn sjóðsins eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eða hverra trygginga skuli krafizt.

Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.

6. gr.

Umsækjendur um námslán skulu láta fylgja umsóknum upplýsingar um allt það, er stjórn sjóðsins telur, að máli skipti, þar á meðal um tekjur sínar og efnahag. Við ákvörðun um upphæð námsláns til hvers einstaks námsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti, lengd árlegs námstíma og áætluðum eðlilegum námstíma, framfærslukostnaði í því landi, sem nám er stundað í, og fleiru, sem til greina kann að koma í því sambandi.

7. gr.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og nám stunda við Háskóla Íslands, njóta réttinda til opinberrar aðstoðar við námsmenn samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn.

III. KAFLI

Um námsstyrki.

8. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til námsstyrkja, annarra en 5 ára styrkja og styrkja skv. 9. gr., skal varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka

þeirra, er fara utan til náms, og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir, er stunda nám, er eigi verður lögð stund á hérlendis, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda.

9. gr.

Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, er krefst að öðru jöfnu 4 ára náms hið skemmsta.

Þeim, sem lokið hafa öðrum háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi styrk skv. 1. málsg., má veita lán úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, þar til þeir hafa stundað nám, er samsvarar 4 ára háskólanámi. Haldi þeir þá enn áfram framhaldsnámi, teljast þeir fullnægja skilyrðum skv. 1. málsg.

IV. KAFLI

Um ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna og ríkisframlag.

10. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna er:

1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé samkvæmt 12. grein.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögu um upphæð ríkisframlags í fjárlögum til námslána og námsstyrkja með sama hætti og ríkisstofnanir.

12. gr.

Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.

13. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna, og lög nr. 35 27. júní 1925, um styrk-

veiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:
Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakaupúni í Suður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Egilsstaðakaupúni í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

A U G L Ý S I N G

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um viðauka við og breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Þurramæði.
2. Garnaveiki (paratuberculosis í búfé).

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purificiens) eða aðrir sjúkdómar valda eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirumáli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, sérstakar merkingar á fé, bann við búfjárflutningum og sölu fjár til lífs, niðurskurð, sóttthreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma, sem um ræðir í lögum þessum, og vinna að útrýmingu þeirra.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum.
2. Að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna hættu af völdum sjúkdóms, sem um getur í lögum þessum, og ef brotnar eru eða vanræktar sóttvarnareglur.
3. Að koma upp varnarlinum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Fyrirsögn 3. kafla hljóði svo: Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir.

6. gr. orðist svo:

Sauðfjárvarnarsvæði eru tvenns konar: Fjárskiptasvæði, þar sem fjárskipti hafa farið fram, og varnarsvæði, þar sem fjárskipti hafa ekki verið framkvæmd.

Sauðfjárvarnarsvæði markast af girðingarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum, sem ásamt fyrirskipaðri vörzlu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Mörk sauðfjárvarnarsvæða nefnast varnarlínur.

Sauðfjárvarnarsvæði og takmörk þeirra skulu vera ákveðin og gerð almenningi kunn, þegar þurfa þykir.

Varðmenn skal hafa til eftirlits við varnarlínur til öryggis, þar sem sauðfjár-sjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínunum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp, þar sem nauðsyn krefur og ef unnt er með samkomulagi milli hlutað-eigandi sýslu- eða hreppsfélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og auka-varnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Skylt er rikissjóði að viðhalda varnarlínunum svo lengi, að fullvíst þyki, að fjár-sóttir og aðrir búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum öðrum megin línunnar, þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé.

Því aðeins er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að leggja niður varnarlínur, að fram hafi farið ýtarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum, sem að línunni liggja, og eftir að hafa ráðgætt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Gefa skal aðliggjandi héruðum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust gegn skuldbindingu um að halda þeim við minnst í 3 ár og taki jafnframt á sig ábyrgð á að gera þær hættulausar til frambúðar. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum kvöðum, er heimilt að gefa hreppsfélögum, upprekstrarfélögum eða bændum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að eignast þær með sömu skilyrðum, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypiss afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirð-inga innan sauðfjárvarnarsvæða. Slikar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínunum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa, á kostnað eigenda, sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum, þar sem henni þykir nauðsyn til að bera. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Bannað er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd með samþykki yfirdýralæknis leyft flutning á kyn-bótafé yfir varnarlínur. Gilda þá allar sömu varúðarreglur og við flutning sæðis, sbr. síðustu málsgrein þessarar lagagreinar, og auk þess önnur skilyrði, er tilgreind skulu í reglugerð.

Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þrúfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínur. Líffæri

úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsókna, án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta, þannig að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir þær, enda hafi líffæri úr þeim verið send til rannsókna. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, látið bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli sauðfjárvarnarsvæða í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum eða nautum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig. Heimild til sæðisflutninga skal háð samþykki yfirdýralæknis.

8. gr.

Til viðbótar 14. gr. komi:

Einnig er nefndinni heimilt að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnarsvæðis, milli héraða, hreppa og einstakra bæja, þótt ekki séu varnarlinur eða hindranir yfir að fara, ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Um bætur fyrir slík bönn gilda sömu ákvæði og um flutningabönn yfir varnarlinur.

Skýlt er hreppstjórum að gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart með nægum fyrirvara, ef fara á fram uppboð eða sala á sauðfjár- eða kúabúum. Getur þá nefndin bannað slíka sölu eða sett þau skilyrði, er hún telur nauðsynleg.

9. gr.

Til viðbótar 15. gr. komi:

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað fjáreigendum og sláturleyfishöfum að láta framkvæma slátrun á öllu fullorðnu fé, sem slátra á af ákveðnu svæði, í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir, til þess að unnt sé að framkvæma ýtarlega líffærasöfnun og líffæraathugun, meðan á slátrun stendur. Sauðfjársjúkdómanefnd getur einnig skyldað sláturleyfishafa, hvar sem er á landinu og á þeirra kostnað, til þess að láta safna líffærum sláturgripa, jafnóðum og slátrun fer fram, merkja þá og koma þeim strax til rannsókna eða í frystigeymslu og gera um það skriflega skilgrein.

10. gr.

Síðasti málsliður 16. gr. orðist svo:

Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, hvort sem þeim er slátrað heima eða í sláturhúsi, skulu greinilega merkt og send til rannsókna án tafar.

11. gr.

Síðasti málsliður í 17. gr. orðist svo:

— sem líkur eru til að hafi smitazt við hýsingu með veiku fé, við samrekstur og í réttum.

12. gr.

Til viðbótar 21. gr. komi:

— eða hafa saman á farartæki. Sé sýkt eða grunað fé tekið til flutnings, er skýlt að hreinsa vandlega og sóthreinsa flutningstækið á eftir og grafa eða brenna

saurinn. Sama gildir um hús og aðra geymslustaði, þar sem slíkt fé hefur dvalizt, sem og allar sláturfjárréttir. Frá heimilum, þar sem garnaveiki hefur verið staðfest, má ekki flytja sauðfé eða nautgripi til lífs á ósýkta bæi og ekki fyrr en liðin eru 10 ár frá því veikinnar var síðast vart. Sama gildir um nýfædd ungvíði.

Skylt er að senda garnabút aftast úr mjógórn, greinilega merktan, til rannsóknar úr öllum fullorðnum gripum, kúm og kindum, sem slátrað er frá þessum bæjum.

Ef kýr eða kindur frá sýktum heimilum hafa dvalið í girðingarhólfum eða húsum, eða verið á farartækjum eða sýningum með gripum frá ósýktum heimilum, er heimilt að fyrirskipa tafarlaust slátrun og innnyflarannsókn á þeim gripum, sem möguleiki er talinn vera á, að smithætta stafi af. Heimilt er og að fyrirskipa einangrun allra gripanna, eða aðrar varúðarráðstafanir, þar til rannsókninni er lokið.

13. gr.

Fyrsti málsliður fyrstu málsgreinar 22. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki, að fyrirskipa reglubundnar rannsóknir.

Við aðra málsgrein 22. gr. bætist:

Nú hefur bólusetning verið vanrækt í héruðum, þar sem garnaveikibólusetning hefur verið fyrirskipuð, og er þá óheimilt að flytja þaðan fé til lífs, unz bólusetning hefur farið fram, eins og fyrirskipað hefur verið. Búfé, sem komið er í sláturfjárrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal því slátrað, nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

14. gr.

Fyrsta málsgrein 37. gr. orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattaframtali, áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar hótum fjártölu við næstsíðasta skattaframtal hjá fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast.

15. gr.

Þriðja málsgr. 38. gr. orðist svo:

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárkaupasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51
10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá og með gjaldárinu 1966 er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1965, svo og þrepin í útsvarsstiga þeim, sem um ræðir í 3. gr. sömu laga, í samræmi við skattvísitölu, samkvæmt 53. gr. laga nr. 90 frá 1965.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58/1964.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 20. febrúar 1967 á tillögu menntamálaráðherra um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58 frá 1. september 1964:

1. gr.

Á eftir eftirfarandi málsgrein í 50. gr.: „Stúdent skal taka skriflegt próf í almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði í síðasta lagi samtímis því, er hann tekur fyrra hluta próf“, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stúdent skal hljóta að meðaltali einkunnina 7 í þessum tveim greinum til að standast próf.

2. gr.

Í 50. gr. á eftir málsgreininni: „Einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið 1“, og á undan málsgrein, sem hefst á þessum orðum: „Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs . . .“ komi ný málsgrein, eftir greinaskil, svo hljóðandi:

Próf í ofanefndum greinum skulu tekin samtímis, með þeim undantekningum, að stúdent skal heimilt að taka áður próf í kjörgreinum með einkunnagildi samtals 1½ svo og í sérgreindri rekstrarhagfræði, enda fari þau próf fram þegar að lokinni yfirferð. Allar prófgreinar síðara hluta mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 68. gr. 2. málsgr. háskólareglugerðar.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. febrúar 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

1. marz 1967.

Nr. 16.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 1. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag til útlanda í einkaerindum. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 27. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

22. apríl 1967.

21

Nr. 18.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahlfors, Maj-Lis Linnea, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Finnlandi 24. ágúst 1920.
2. Amin, Kantilal Chunibhai Naranbhai, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Kenya 27. marz 1939.
3. Andersen, Aira Kaarina, húsmóðir á Eyrarbakka, fædd í Finnlandi 8. júlí 1941.
4. Bird, Björg Sveinsdóttir, hjúkrunarkona og ljósmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 14. júlí 1899.
5. Bohnsack, Graf Onno Franz, gleraugnasérfræðingur á Akureyri, f. í Þýzka-landi 3. desember 1936.
6. Briem, Ekaterina Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rússlandi 7. janúar 1933.
7. Desai, Kushendra Jayantilal, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Indlandi 10. júlí 1941.
8. Dundee, Vera Doreen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Englandi 2. nóvember 1935.
9. Garveda, Anna, nunna í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 21. febrúar 1902.
10. Gillert, Kristin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzka-landi 27. febrúar 1939.
11. Goodall, Alexander Littlejohn, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur í Skotlandi 22. marz 1930.
12. Guðmundur Guðlaugsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi 24. október 1900. Fær réttinn 25. júní 1967.
13. Gusik, Luzia Martha Theresia, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzka-landi 13. desember 1901.
14. Hansen, Dagmar Johanne Pauline, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 18. maí 1925.
15. Heaney, Ann Patricia, barn í Reykjavík, fædd í Libýu 8. júní 1965.
16. Heaney, Charles William, barn í Reykjavík, fæddur í Libýu 2. júní 1964.
17. Holm, Caspar Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. marz 1911.
18. Jacobsen, Elsebeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 27. október 1933.
19. Jensen, Kaj Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. apríl 1929.

20. Kahn, Elisha Eliezer, kerfisfræðingur við gatspjaldakerfi í Kópavogi, f. í Palestínu 23. janúar 1941.
21. Kvist, Jörn Andersen, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 29. nóvember 1940.
22. Kyvík, Hans Jakob, verkamaður í Garðahreppi, f. í Bandaríkjunum 23. maí 1928.
23. Libnau, Karl Bernhard, trésmiður í Kópavogi, f. í Danmörku 3. febrúar 1911.
24. Libnau, Kristín Valgerður Jóhanna Kristjánsdóttir, húsmóðir í Kópavogi, f. á Gileyri í Tálknafirði 26. júní 1916.
25. Mai, Anna Ingeborg, hjúkrunarkona á Kristneshæli, f. í Þýzkalandi 12. október 1924. Öðlist ríkisborgararétt 1. sept. 1967.
26. Marcher, Egon Thygesen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 2. desember 1945.
27. Meyer, Irmgard Antonia, húsmóðir í Kópavogi, fædd í Þýzkalandi 14. marz 1926. Fær réttinn 11. apríl 1967.
28. Mäklin, Urpo Matti, vélvirki í Reykjavík, f. í Finnlandi 11. nóvember 1929.
29. Norheim, Egil, auglýsingastjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi 27. september 1942.
30. Olsen, Per Nørgaard, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 20. janúar 1942.
31. Olson, Evert William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. október 1925.
32. Pedersen, Anna Lise, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 16. maí 1935.
33. Prenzlów, Eva Marie, fædd Ritzhaupt, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 9. febrúar 1928.
34. Prenzlów, Günther Georg, myndasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. marz 1928.
35. Rasmussen, Grethe Bøgelund, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 31. marz 1937.
36. Rasmussen, Hans, stýrimaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 27. júlí 1924.
37. Reichel, Bothilde Erna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 6. ágúst 1936.
38. Sæmper, Baltasar Bascompte, listmálari í Kópavogi, fæddur á Spáni 12. janúar 1938.
39. Sawamura, Soffia Mitchiko, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 8. maí 1960.
40. Sawamura, Sýlvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.
41. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
42. Scheel, Gerhard Walter, dyravörður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 1. júní 1925.
43. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
44. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 25. ágúst 1937.
45. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
46. Svendsen, Sonja Marie, húsmóðir í Grenivík, fædd í Noregi 9. júlí 1936.
47. Tegeder, Gerhard Diedrich Heinrich, verkstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi 17. október 1911.
48. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
49. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
50. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. janúar 1915.
51. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.
52. Willems, Angela Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 6. október 1904.

22. apríl 1967.

23

Nr. 18.

53. Zaghoul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
54. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

3. gr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

14. apríl 1967.

L Ö G

Nr. 19.

um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

LIANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt:

Að vér höfum fallizt á lög þessi og staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Úr gildi er numinn II. kafli laga nr. 68/1934, um einkasölu á útvarpstækjum, svo og 2. málslíður 1. málsgreinar og 2. málsgrein III. kafla sömu laga.

2. gr.

Eignir Viðtækjaverzlunar ríkisins skulu, að frádregnum 1.8 milljónum króna, sem ganga eiga til ríkissjóðs, vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar og 1.0 milljón króna, sem verja skal til þess að ljúka Þjóðleikhúsbýggingunni, renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, er jafnframt tekur á sig skuldbindingar Viðtækjaverzlunarinnar gagnvart lánardrottnum og starfsmönnum hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Búreikningastofu landbúnaðarins er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum víðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýrslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.
7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.***BRÉF**

handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 87. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunarлага um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944, þer samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 11. júní 1967. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, sunnudaginn 11. júní 1967.

Alþingi, er nú situr, mun væntanlega ljúka störfum 19. þ. m. Veitum vér hér með forseta Hæstaréttar, Gizuri Bergsteinssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 87. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlut- aðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að tak- marka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum, sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubif- reiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

85.15.10 orðist svo:

Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón og/eða

útvarpsviðtæki 100%

85.15.20 Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón 100%

2. gr.

Við 3. gr. tollskrárlaganna bætist nýr töluliður, er orðist svo:

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.20, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um Landhelgisgæzlu Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

- a) Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
- b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
- c) Að aðstoða eða hjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
- d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
- e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknnum, fiskirannsóknnum, botnrannsóknnum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
- f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hættu af.
- g) Að aðstoða við framkvæmd almannaavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll- og vitabjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.
- h) Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Stjórn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæzlunnar og gefur út nauðsynlegar reglugerðir eða fyrirmæli um almenna stjórn ýmissa þátta hennar.

3. gr.

Forseti skipar forstjóra til þess að stjórna Landhelgisgæzlunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að málefnum hennar.

4. gr.

Forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæzlunnar, yfirmenn svo og almenna starfsmenn, og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengnum tillögum forstjóra.

Starfsmenn.

5. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli.

Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.

6. gr.

Um réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fer að lögum og reglugerðum, sem um þau efni fjalla, svo sem atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

7. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

8. gr.

Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Laun og kjör.

9. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skulu vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.

10. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæzlunnar.

11. gr.

Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákveðast eftir aðalstarfi þeirra, en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.

12. gr.

Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll þau útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.

13. gr.

Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.

14. gr.

Sérhver starfsmaður skal ganga undir lækni-sskoðun hjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftar ef þörf þykir.

Varðskip, gæzluflugvélar og útbúnaður.

15. gr.

Landhelgisgæzlan gerir út varðskip, gæzluflugvélar og önnur farartæki, sem nauðsynleg kunna að vera vegna gæzlu landhelginnar eða annarra þarfa, sbr. 1. gr., og geta tækin annaðhvort verið eign Landhelgissjóðs, annarra ríkisstofnana, eða tekin á leigu.

16. gr.

Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Landhelgissjóður Íslands.

17. gr.

Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr. laga þessara.

18. gr.

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal birtur árlega með öðrum reikningum ríkisstofnana.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, og lög nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, lög nr. 68 3. nóv. 1915 og lög nr. 34 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini, að upphæð allt að 125 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu bréfa og spariskirteina samkv. 1. gr., svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskirteinum, skal verja sem hér segir:

Til landshafna	30.0 m.kr.
Til vegagerðar	53.6 —
Til flugmála	23.2 —
Til skóla	4.0 —
Til sjúkrahúsa	2.0 —
Til endurbóta á aðstöðu fyrir farþega í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli	9.8 —
Til gufuveitu vegna Kísiliðjunnar h/f	5.0 —
Til vegagerðar í Þingeyjarsýslu vegna Kísiliðjunnar h/f	29.5 —
Til raforkumála	28.0 —

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini samkv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 12.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum.

7. gr.

Til viðbótar lántökuheimildum í 4. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, sem hér segir:

Til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála	3.8 m.kr.
Til raforkumála	17.4 —
Til landshafna	3.0 —

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:

- 27 m.kr. til vegagerðar.
- 13 m.kr. til bygginga við menntaskólana.
- 13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fasteignirnar nr. 12 við Vonarstræti fyrir allt að 7030 þús. kr. og Skjaldbreiðareignina við Kirkjustræti fyrir allt að 14 millj. króna, svo og að taka andvirði fasteignanna að láni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa hús að Laugarvatni til sameiginlegra afnota skólanna þar, fyrir allt að 1150 þús. kr., svo og að taka hluta kaupverðsins að láni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1) Í guðfræðideild 4, 2) í læknadeild 16, 3) í lagadeild 6, en sjötta embættið skal þó eigi veita, fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum, 4) í viðskiptadeild 4, 5) í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6) í verkfræðideild 6.

2. gr.

Við 1. málgr. 38. gr. bætist svofelld ákvæði:

Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

2. málgr. 38. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn,
nr. 22 frá 26. apríl 1963.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr VII. kafli, 36.—40. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því.

VII. KAFLI

36. grein. Greiðsla til íslenzkra rithöfunda fyrir bækur þeirra í almenningsbókasöfnum skal goldin árlega úr sjóði, sem nefnist Rithöfundasjóður Íslands.

Árlegt framlag ríkissjóðs og bæjar-, sveitar- og sýslusjóða til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera:

- a) úr ríkissjóði: Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna.
- b) úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum: Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árleg lágmarksframlög þessara sjóða til safna skv. a-lið, sbr. I. og II. kafla þessara laga.

Greiðsla til þýðenda, sem eru í Rithöfundasambandi Íslands eða stjórn Rithöfundasjóðs Íslands viðurkennir, skal vera helmingur af greiðslu fyrir frumsamdar bækur.

Greiðsla fyrir safnrit eða önnur bókmenntaverk, sem eru eftir fleiri en einn höfund, svo og fyrir rit, sem njóta höfundaréttar, en ekki finnst réttthafi að innan þriggja ára, skal leggjast í sérstakan sjóð, sbr. 38. gr. Í þann sjóð skal og renna það höfundafé, sem ekki nemur fullum 300 krónum.

37. gr. Stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum skal falin þremur mönnum, tveimur kjörnum af stjórn Rithöfundasambands Íslands og einum skipuðum af menntamálaráðuneytinu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Starfstímabil stjórnarinnar skal vera þrjú ár. Ef stjórnarmaður andast eða forföll ber að hendi, skal kjósa mann í hans stað.

Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af óskiptu fé sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

38. grein. Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum eins og hér segir: 60% af tekjum sjóðsins greiðist árlega íslenskum höfundum, ekkjum þeirra, ekkjum eða niðjum, sem höfundarétt hafa öðlzt, samkvæmt skýrslum um eintakafjölda þeirra í söfnunum, 40% leggist í sérstakan sjóð, svo og fé skv. 36. gr. 4. málsg. , sem verði m. a. varið til bókmenntaverðlauna, starfsstyrkja rithöfunda, svo og til styrktar ekkjum, ekkjum og niðjum látinna höfunda, séu ríkar ástæður til að dómi sjóðstjórnar. Þó getur stjórn Rithöfundasjóðsins, að höfðu samráði við stjórn Rithöfundasambands Íslands, ákveðið, að allar tekjur Rithöfundasjóðsins skuli þrjú fyrstu árin, eftir að lög þessi koma til framkvæmda, renna í siðarnefnda sjóðinn.

Öll framlög úr sjóðnum skulu vera undanþegin aðför skuldheimtumanna.

39. grein. Nánar skal ákveðið um framkvæmd samkvæmt þessum kafla með reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

40. grein. Þar til gagnkvæmar höfundagreiðslur vegna afnota í bókasöfnum innan Norðurlanda verða lögtekna, er heimilt, ef sérstök fjárveiting er til þess veitt í fjárlögum, að veita rithöfundum styrki árlega til dvalar í öðru norrænu landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1968. Stjórn Rithöfundasjóðs Íslands skal þó skipuð, þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, og skal hún undirbúa fyrstu úthlutun úr sjóðnum, sem fara skal fram 1968, en miðast við skýrslur um árið 1966.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um listamannalaun.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni

eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun, skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna, áður en tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta laun.

Nefndarmenn skulu gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er, og geta tveir eða fleiri þeirra sameinast um flutning slíkrar tillögu.

Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknun, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um það, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skulu nefndarmenn leynilega merkja við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var, að hljóta skyldu hærri launin. Er kjörseðillinn ógildur, ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin, sem flest atkvæði fá.

Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og skal ákveðið með sama hætti og áður, hverjir hljóta lægri launin.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun, getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun, er séu hærri en laun í þeim tveim launaflokkum, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri, sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

3. gr.

Aðildarfélag Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kys til þess að ákveða listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Forstöðumaður skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum eða annarri vá.

3. gr.

3. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð, bæir eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

4. gr.

Upphaf 9. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og framkvæma björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapazt hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

29. apríl 1967.

37

Nr. 31.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraíðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlandan veiðarfæraíðnað.

Ríkissjóður leggur lánadeild veiðarfæraíðnaðar til sem stofnfé skuldabréf Sildarverksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1952, að eftirstöðvum kr. 11.6 millj.

Tekjur lánadeildar veiðarfæraíðnaðar skulu vera sem hér segir:

1. Af veiðarfærum, sem koma eða eru flutt inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem rennur til lánadeildar veiðarfæraíðnaðar. Skal gjald þetta nema 1% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, sbr. II. kafla laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu gjaldsins. Við álagningu gjaldsins, innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd, svo og um refsingar og önnur viðurlög vegna brota á ákvæðum þessa tl. og mál út af slíkum brotum, skal ákvæðum laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, beitt, eftir því sem við á.

Til veiðarfæra samkvæmt þessum tl. teljast:

Netagarn úr hampi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	57.05.02
Færi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Línur, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Kaðlar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.02
Öngultaumar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.03
Fiskinet úr gerviefnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.01
Fiskinet úr öðrum efnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963 ..	59.05.02

2. Framlög, sem veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.

3. Vextir af stofnfé.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 millj. kr. lán til starfsemi lánadeildar veiðarfæraíðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slík lán.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi lánadeildar veiðarfæraiðnaðar, þar á meðal um vaxtakjör lána. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að veita megi, auk lána, styrki eða vaxtalaus framlög um tiltekið árabíl til að stofnsetja veiðarfæragerðir og jafnframt til verðjöfnunar á ótollverndaðri, innlendri veiðarfæraframleiðslu, ef þurfa þykir vegna erlendrar samkeppni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

6. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.

7. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.
8. Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

6. gr.

Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði hafnargerðar á hverjum stað skal vera sem hér segir:

1. 75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu, dýpkana á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
2. 40% stofnkostnaðar annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerðir samkvæmt lögum þessum greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

7. gr.

Til styrkhæfs hafnargerðarkostnaðar teljast undirbúningsrannsóknir, hönnun og útboðskostnaður og byggingakostnaður samþykktis mannvirkis, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir, að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs kostnaðar teljast ekki vextir á byggingartíma, lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn, gengistap á erlendum lánnum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

8. gr.

Heimilt er að veita ríkisábyrgð á lánnum vegna hafnargerða allt að jafnhárri þeirri upphæð, sem hafnarsjóður á að leggja fram.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

III. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögur að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Skulu slíkar tillögur miðaðar við skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði.

Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi til leiðbeiningar varðandi fjárútteganir og framkvæmd þessara mála.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

Á tveggja ára fresti skal endurskoða áætlunina og leggja hana þannig fram á Alþingi á sama hátt og hina upphaflegu áætlun.

IV. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnar-sjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkv. samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan reksturskostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Hafnargjöld á skip þau og báta, er nota höfnina, svo og á vöru, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
 - a. Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
 - b. Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggju og hafnarbakka.
 - c. Vörugjald af innfluttum og útfluttum vörum, þ. á m. gjald af afla.
 - d. Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
2. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
3. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið skv. 17. gr.
4. Lóðargjöld.
5. Hafnsöngugjald.

Herskip, skemmtiferðaskip og íslensk vitaskip og varðskip eru undanþegin gjöldum samkvæmt a—b-liðum 1. tl. þessarar greinar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálf t. lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og reksturs hafnarinnar eða í þágu hennar.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

14. gr.

Fyrir 15. september ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags, eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 5. gr.

15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok marz mánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er hafnamálastjóri lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda hafnamálastjóra í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, kaupa fasteignir, eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjuafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að tekjuafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn. Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

17. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðis má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögu hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins.

Þeim, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, er skylt að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð fimm ár eða lengur.

V. KAFLI

Um Hafnabótasjóð.

18. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál.

19. gr.

Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótfamlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs ekki minna en kr. 8 000 000.00.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

21. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða utan allt að 350 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

Nú tekur Hafnabótasjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

22. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tiliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni. Ráðherra skal leita umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast vörzlu daglegrar afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

24. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af láns skjölum, þ. e. af eigin lántökum, ekki útlánsskjölum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni.

Ákveða má í reglugerðinni, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi og að það veð gangi í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Einnig skal setja í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 29 1946, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Nú telur ráðuneytið, að hækka beri gjöld eða taka upp ný gjöld samkvæmt 12. gr., og getur það þá breytt gjaldskrá reglugerðar hjá þeim höfnum, sem í van-skilum eru við ríkisábyrgðasjóð, án þess að tillaga um það liggi fyrir frá hafnarstjórn, enda hafi verið leitað umsagnar hafnarstjórnar með hæfilegum fyrirvara, áður en breyting er ákveðin.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000.00 krónum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, með síðari breytingum, og lög nr. 93 16. desember 1943, um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir skal lögð fyrir reglulegt Alþingi haustið 1968 fyrir tímabilið 1969—1972.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G**um skólakostnað.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Lög þessi taka til effirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur fara fram athugun á skólabyggingaþörf á öllu landinu fyrir þau skólastig, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI**Stofnkostnaður.****4. gr.**

Menntamálaráðuneytið gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

- a) er taki til allt að tíu ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.
- b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

5. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, sem hefur með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja. Í deildinni skulu m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin skal annast eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.

Byggingadeild ráðuneytisins lætur í té upplýsingar um þær reglur (norm), miðað við nemendafjölda og kröfur um frágang og búnað, sem framlag ríkisins skal miðast við, sbr. 7 gr.

Í reglugerð skal kveða á um þær reglur (norm), sem stofnkostnaðargreiðslur miðast við.

6. gr.

Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað.

Ráðuneytinu skal senda alla uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir, ásamt skipulagsuppdrætti af skólastað þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt, samninga eða staðfest skilríki um, að lóð og landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi séu tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita, ef fyrir hendi er.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja, sem lög þessi ná til.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.

Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanakstursskóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.

Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistar skóla skyldunáms eða iðnfræðslu með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraibúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5. gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innan-stokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framan-sögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

8. gr.

Kostnaðaráætlun skólamannvirkja skal miða við byggingarkostnað á þeim tíma, er áætlunin er staðfest. Hækki vísitala byggingarkostnaðar eða sérstök vísitala skólamannvirkja, reiknuð af Hagstofu Íslands, frá staðfestingardegi áætlunarinnar til útborgunartíma framlaga samkv. 14. gr., hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og skal byggingarframlag ríkissjóðs leiðrétt í fjárlögum næsta árs á eftir. Þessi ákvæði gilda einnig um geymdar fjárveitingar til skólamannvirkja.

9. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþingis til skólamannvirkis ónógar til að greiða $\frac{1}{3}$ af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntamálaráðuneytið eigi leyfa að hefja framkvæmdir, fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.

11. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 101. gr. laga nr. 58/1961.

12. gr.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við íþrótt- eða ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað kennslurýmís væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra íþróttamannvirkja, er undir lög þessi falla, um afnot skóla af mannvirkjunum og um stjórn þeirra.

Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja skv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr., um hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótframlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 14. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

14. gr.

Framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptast á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hvernar framkvæmdar.

Framlag ríkissjóðs til hvernar einstakrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan 3ja ára, frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, að því ári meðtöldu, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þókar áfram, þannig:

20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja,

10% þegar botnplata er steipt,

20% þegar bygging er fokheld,

25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk,

20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram,

5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamannvirki í smiðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til íþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparissjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

15. gr.

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólalahalds, skal viðkomandi sveitarstjórn sækja um það til ráðuneytisins, sem lætur fara fram athugun og mat á verðmæti húsnæðisins. Ef af kaupum verður, tekur ríkissjóður þátt í kaupverði í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga. Slíkar byggingar skulu teknar í framkvæmdaáætlun um skólabyggingar.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati ráðuneytisins er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en að greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt.

III. KAFLI Rekstrarkostnaður.

16. gr.

Öll föst laun skólustjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skóla laun vegna stunda- og forfallakennslu, allar aukagreiðslur til skólustjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi.

Við heimavistarskóla skyldunámsins greiðir ríkissjóður laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í mótuneyti, hafi fjöldi þeirra og ráðningarkjör hlotið samþykki ráðuneytisins, eftir því sem nánar verður ákvæðið í reglugerð.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslustjórans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að $\frac{1}{4}$ hluta.

17. gr.

Við ákvörðun reiknaðra stunda eru allar kennslustundir og aðrar starfsstundir kennara fyrir sama fræðslustig lagðar að jöfnu. Eigi skiptir máli, hvort greitt er fyrir þær með föstum launum eða þær eru greiddar sem stundakennsla. Á sama hátt er eigi gerður munur á venjulegum kennslustundum og þeim stundum, er greiðsla fyrir heimavinnu fylgir eða greiddar eru sem yfirvinna eða með álagi vegna vinnu í kaffitíma.

18. gr.

Skólustjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildaskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólustjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákvæðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

19. gr.

Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

a) Á barnafræðslustigi, miðað við 40 mínútna kennslustund:

Fyrir skóla með:

allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda.

11— 20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10.

21— 40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20.

41— 80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40.

81—160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80.

161—240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160.

fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendum.

b) Á gagnfræðastigi er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 25% hærri en samkvæmt a-lið.

c) Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttri skólaárs, eða víxlkennslu bekkja, hækkar stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

d) Veiti skóli verknámsskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

e) Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 20% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, m. a. vegna umsjónar utan kennslustunda.

f) Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a—e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum. Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 17. gr.

Almenn ákvæði b—f-liða gilda einnig fyrir iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

Víkja má frá ákvæðum a—e-liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a—e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahlaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár og vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur

er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.

Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 80% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—4 kennarar, að skólustjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.

20. gr.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsa-leigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

21. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega miðað við nemendafjölda ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins, er gangi til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólarnir afnot af myndum safnsins. Gjaldið greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr sveitarsjóði. Gjaldið skal ákveðið í reglugerð.

22. gr.

Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum tillögum skólustjóra.

Í heimavistarskólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, greiðir ríkissjóður, auk framantalins kostnaðar, helming fæðiskostnaðar og helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu.

23. gr.

Húsnæði til skólalahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum í skólum utan skyldunáms, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda svo og iðnfræðsluráðs.

24. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.

Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

Skylt er sveitarfélögum að sjá um eðlilegt viðhald eigna þessara að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

IV. KAFLI

Endurskoðun og reikningshald.

25. gr.

Fjármálaeftirlit skóla hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara, að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt því sem menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð. Skulu fjármálaeftirlitinu afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar.

Menntamálaráðuneytinu skal sent samrit ársreikninga skólanna, athugasemda og úrskurða.

Rísi ágreiningur um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

26. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, sem lög þessi taka til, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Val reikningshaldara er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hver skuli annast reikningshald og endurskoðun þeirra skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign ríkisins.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirætlum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir skólans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Stofna skal samstarfsnefnd, skipaða fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið, áður en reglur (norm) byggingadeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu samkvæmt lögum nr. 41/1955.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

22. apríl 1967.

Nr. 50.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 30. desember 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 15. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algjört verkfall hafi staðið yfir frá 10. apríl s. l. hjá meðlimum Lyfjafræðingafélags Íslands, er starfað hafa í lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum einkaaðila. Hafa lyfsalar einir staðið fyrir afgreiðslu lyfja nú í mánaðartíma og telja má hættu á, að ýmsir þeirra muni ekki öllu lengur geta annazt margþætta lyfjaafgreiðslu. Kann því áður en varir að skapast hættuástand, sem ekki verður við unað. Sáttasemjari ríkisins hefur unnið að tilraunum til lausnar á kjaradeilu þessari, án þess að árangur hafi náðst og hafa nú báðir aðilar felld miðlunartillögu, er sáttasemjarinn hafði borið fram. Með því að brýna nauðsyn ber til, að bægt verði frá því neyðarástandi fyrir almenning, er skapast kann af þessum sökum og með hliðsjón af framkvæmd þeirrar verðstöðvunarheimildar, sem lög nr. 86 23. desember 1966 gera ráð fyrir, þykir rétt að lögfesta, að kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966 skuli gilda áfram, meðan framkvæmd verðstöðvunarinnar helzt og sé vinnustöðvun þá óheimil á sama tíma, þó eigi lengur en nemur gildistíma nefndra verðstöðvunarlaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966, er sagt var upp af hálfu Lyfjafræðingafélags Íslands til að falla úr gildi 31. desember 1966, skal gilda áfram frá gildistöku laga þessara, meðan í framkvæmd er verðstöðvun samkvæmt heimild í lögum nr. 86 23. desember 1966 eða þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli þessara aðila, en þó eigi lengur en til 31. október 1967.

2. gr.

Meðan samningur sá, sem 1. gr. fjallar um, gildir, eru óheimilar vinnustöðvanir lyfjafræðinga hjá lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum, þar á meðal vinnustöðvun sú, sem hófst 10. apríl 1967.

3. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1967

27. apríl 1967.

75

Nr. 52.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1965 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr. fjárlaga	kr. 3 064 850 000.00	kr. 3 241 307 234.65
2. — —	3. — A.	431 160 000.00	425 152 952.23
3. — —	3. — B.	75 000.00	98 497.01
4. — —	4. —	2 000 000.00	8 277 429.51
5. — —	5. —	25 000 000.00	15 389 427.38
6. Eignahreyfingar skv. 20. gr. fjárlaga	Mismunur	6 100 000.00	263 827 036.48
			300 148 645.39
		Kr. 3 529 185 000.00	Kr. 4 254 201 222.65

Útborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Gjöld samkvæmt	7. gr. fjárlaga	kr. 8 470 122.00	kr. 9 133 590.38
2. — —	8. —	2 327 030.00	2 863 125.67
3. — —	9. —	19 325 000.00	32 260 340.31
4. — —	10. — I.	39 891 094.00	49 336 534.90
5. — —	10. — II.	27 163 043.00	31 154 689.06
6. — —	10. — III.	8 227 176.00	8 310 051.19
7. — —	11. — A.	174 775 341.00	183 316 447.82
8. — —	11. — B.	61 205 891.00	78 232 103.52
9. — —	11. — C.	2 800 000.00	5 047 985.48
10. — —	12. —	142 174 571.00	133 759 036.35
11. — —	13. — A.	47 440 000.00	38 240 000.00
12. — —	13. — B.	32 452 000.00	49 272 024.80
13. — —	13. — C.	62 633 560.00	55 127 983.67
14. — —	13. — D.	21 778 475.00	23 708 254.19
15. — —	13. — E.	8 780 589.00	10 708 057.06
16. — —	13. — F.	11 432 429.00	12 109 814.86
17. — —	14. — A.	476 826 374.00	491 425 288.27

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
18. Gjöld samkvæmt	14. gr. B.	fjárlaga kr.	33 855 105.00	kr. 35 533 248.56
19. — —	15. —	— —	34 392 712.00	— 35 629 285.50
20. — —	16. — A.	— —	184 066 709.00	— 213 265 138.83
21. — —	16. — B.	— —	140 190 644.00	— 151 483 146.09
22. — —	16. — C.	— —	12 565 000.00	— 11 642 619.02
23. — —	16. — D	— —	89 730 000.00	— 76 820 142.84
24. — —	16. — E.	— —	22 941 700.00	— 26 079 759.67
25. — —	17. —	— —	758 285 746.00	— 776 499 345.08
26. — —	18. —	— —	68 928 724.00	— 76 872 050.64
27. — —	19. — 1.	— —	543 000 000.00	— 511 426 680.80
28. — —	19. — 2.	— —	183 000 000.00	— 167 795 888.05
29. — —	19. — 3.	— —	5 000 000.00	— 99 743 395.79
30. — —	19. — 4.	— —	353 732.00	
31. — —	19. — 5.	— —	12 000 000.00	
32. — —	19. — 6.	— —	8 000 000.00	
33. — —	19. — 7.	— —	42 000 000.00	
34. — —	19. — 8.	— —	16 000 000.00	— 16 683 189.69
35. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga		—	210 274 168.00	— 840 722 004.86
Mismunur		—	16 898 068.00	
			Kr. 3 529 185 000.00	Kr. 4 254 201 222.65

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um fávítastofnanir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkið skal reka eitt aðalhæli fyrir fávíta. Hæli þetta skal vera í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Því skal skipt í hæfilega margar deildir, og skulu vistmenn valdir þannig í deildir, að sem samstæðastur hópur verði í hverri deild. Heimilt skal að taka fávíta til dagdvalar á aðalhælið, og fer þá um styrk til þeirra eins og um dagvistarheimili væri að ræða, sbr. 6. grein.

Ráðherra skipar hælínu forstöðumann og yfirlækni, að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Ef henta þykir, er heimilt að koma upp og reka fleiri fávítahæli en aðalhælið, og skulu þau vera útibú frá því. Hvert slíkt hæli skal rækja afmarkað hlutverk, og skulu vistmenn valdir í samræmi við það. Hlutverk þess skal ákvarðað í samráði við forstöðumann og yfirlækni aðalhælis ríkisins og að fengnum tillögum landlæknis.

3. gr.

Ráðherra getur veitt bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávítahæli, svo og dagvistarheimili fyrir fávita, að fengnum meðmælum landlæknis, er leitar álits forstöðumanns og yfirlæknis aðalfávítahælis ríkisins, enda fullnægi þessar stofnanir ákvæðum sjúkrahúsalaga um undirbúning, tilhögun og útbúnað, eftir því sem við geta átt. Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnanna eru ráðnir.

Stofnanir samkvæmt þessari grein skulu háðar eftirliti frá aðalhæli ríkisins.

4. gr.

Fávítahæli skulu sjá vistmönnum fyrir þurftum þeirra, þar með talinni læknishjálp, aðhjúkrun og gæzlu, svo og þeim, sem til þess eru hæfir, fyrir kennslu, vinnuþjálfun og vinnuaðstöðu, hverjum í samræmi við getu sína.

Dagvistarheimili hafa sömu skyldur við vistmenn með þeim takmörkunum, sem af dagvist leiðir.

5. gr.

Fáviti skal njóta styrks til greiðslu á eðlilegum dvalarkostnaði á viðurkenndu fávítahæli, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur.

Ráðherra setur reglur um styrkveitingar og hverra skilyrða og skilríkja skuli krafizt í því sambandi.

Ríkissjóður greiðir $\frac{4}{5}$ hluta styrks samkvæmt þessari grein, en framfærslusveit styrkþega $\frac{1}{5}$ hluta.

6. gr.

Fáviti, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, á rétt á að hljóta styrk, sem nemur hæfilegu dagvistargjaldi, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur með sama hætti og segir í 5. grein. Aldrei skal þó slíkur styrkur nema meira en $\frac{3}{5}$ af þeim styrk, sem fáviti nýtur á aðalfávítahæli ríkisins.

Ríkissjóður greiðir $\frac{2}{3}$ hluta styrks á dagvistarheimili, en framfærslusveit styrkþega $\frac{1}{3}$ hluta.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki réttindi fávita til að hljóta lögboðinn lífeyri.

7. gr.

Ríkissjóður tekur sérstaklega þátt í kostnaði við nauðsynlega kennslu fávita á hælum og dagvistarheimilum, sem rekin eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða einkaaðilum, og fer þá um þátttöku eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

8. gr.

Stofnunum, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, er óheimilt að krefjast gjalds af aðstandendum þeirra vistmanna, sem njóta styrks samkvæmt ákvæðum 5. og 6. greinar þessara laga, og tekur þetta ákvæði einnig til kostnaðar við daglegan flutning á vistmönnum milli dagvistarheimilis og dvalarstaðar.

9. gr.

Stofnanir, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, skulu skila ráðuneytinu reikningum yfir reksturinn fyrir hvert almanaksár og eigi síðar en í marzlok árið

eftir. Að öðru leyti gilda um skýrslugerð ákvæði reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

Nú verður ágóði af rekstri fávítastofnunar, sem rekin er af bæjar- eða sveitarfélagi eða einkaaðila, og skal þá verja ágóðanum í þágu málefna fávíta samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis.

10. gr.

Nú er talin brýn þörf á að vista fávíta á fávítastofnun, en ekki reynist unnt að koma honum þangað sökum rúmleysis, og er þá heimilt að semja um vistun hans til bráðabirgða við aðra heilbrigðisstofnun, sem gerir hennar kost með sömu kjörum og fávítastofnun.

11. gr.

Allar umsóknir um hælsvist fyrir fávíta, hvort heldur á ríkishæli, hælum eða dagvistarheimilum bæjar- eða sveitarfélaga eða einkaaðila, skulu berast forstöðumanni aðalfávítahælis ríkisins, en hann sker úr því, að undangenginni fullnægjandi rannsókn, á hvaða stofnun umsækjandi skuli vistaður. Ekki verður vistmaður þó settur á fávítastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns, sem á kröfu á að fá allar tiltækar upplýsingar um umsækjanda.

12. gr.

Fávítar öðlast ekki framfærslurétt með dvöl á fávítastofnun utan sveitarfélags síns.

13. gr.

Um uppfræðslu vangefins fólks, sem er ekki á fávítastofnunum samkvæmt lögum þessum, en telst þó geta haft gagn af einhvers konar kennslu, fer eftir ákvæðum fræðslulaga.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem er ekki á fávítastofnunum.

15. gr.

Við aðalfávítahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávítagæzlu. Forstöðumaður er skólastjóri, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu. Um stjórn skólans, námstíma, námsefni, prófkröfur og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Málefni fávítastofnana samkvæmt þessum lögum eru í höndum þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 1. febrúar 1936, um fávítahæli, ákvæði varðandi fávíta í lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og í lögum nr. 99 22. desember 1965, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um jarðeignasjóð ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Sjóðnum er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, en eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga, nr. 22/1965.
4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

2. gr.

Auk þeirra jarða, sem um ræðir í 1. gr., er Jarðeignasjóði heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til að verði ekki nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki.

3. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 1. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leigu-ábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðeignasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til kaupa á jörð með góð búskaparskilyrði með tilliti til landgæða, samgangna og annars, er tryggir varanlega ábúð á jörðinni. Þá er Jarðeignasjóði og heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr.

4. gr.

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón, annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða og hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Kaupverðið má þó ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma. Ákvæði 3. málsl. þessarar greinar tekur gildi við gildistöku næsta fasteignamats samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963.

5. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Jarðeignasjóðs skal vera 36 millj. kr., er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 6 árum, í fyrsta sinn á árinu 1967.

Með samþykki fjármálaráðherra má Jarðeignasjóður gefa út skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, samtals að fjárhæð 36 millj. kr. Sjóðurinn stendur sjálfur skil á afborgunum og vöxtum af skuldabréfalánunum þessum. Lánskjör skulu samþykkt af fjármálaráðherra.

6. gr.

D. Ríkisframlag	27.0	
E. Eftirstöðvar tekna fyrri ára	18.2	
	<hr/>	<hr/>
	390.2	364.0
F. Umframtekjur frá fyrri árum til að mæta halla 1965 og 1966	59,3	
	<hr/>	
	449.5	
Frá dregst:		
Áætluð endurgreiðsla benzíngjalds vegna gjaldfrjálsrar sölu undan- farið ár	21.2	21.2
Áætluð endurgreiðsla þungaskatts vegna álagðs þungaskatts undan- farið ár	0.7	0.8
	<hr/>	<hr/>
Nettótekjur alls	427.6	342.0

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Stjórn og undirbúningur:	1967	1968
1. Launagreiðslur	8100	8945
2. Eftirlaunagreiðslur	1200	1400
3. Verkfræðilegur undirbún.	3000	3500
4. Skrifstofukostn.	2900	2900
5. Umferðartalning og eftirl.	1200	1000
	<hr/>	<hr/>
	16400	17745

A 13

II. Viðhald þjóðvega:	1967	1968
1. Viðhaldskostn. þjóðv.	134000	139400
2. Vegamerkingar	1200	1200
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	4100	4600
	<hr/> 139300	<hr/> 145200
III. Til nýrra þjóðvega:		
1. Til hraðbrauta	10000	10000
2. Til þjóðbrauta	26490	23630
3. Til landsbrauta	25410	23942
4. Til girðinga og uppgræðslu	3176	2823
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	1900	1700
	<hr/> 66976	<hr/> 62095
IV. Til fjallvega o. fl.:		
1. Til aðalfjallvega	1000	1000
2. Til annarra fjallvega	1000	1000
3. Til reiðvega	200	200
4. Til ferjuhalds	10	10
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	70	70
	<hr/> 2280	<hr/> 2280
V. Til brúargerða:		
1. Til stórbrúa	42100	14100
2. Til brúa 10 m og lengri	13450	19700
3. Til smábrúa	6200	6300
4. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	2140	1785
	<hr/> 63890	<hr/> 41885
VI. Til sýsluvegasjóða	13200	13300
VII. Til vega í kaupst. og kaupst.	50160	42750
VIII. Til véla- og áhaldakaupa:		
1. Til véla- og verkfæra	12000	13000
2. Til byggingar áhaldahúsa	2000	2000
3. Til bókasafns verkam.	30	35
	<hr/> 14030	<hr/> 15035
IX. Til tilrauna í vegag.	2064	1710
	<hr/> 368300	<hr/> 342000
X. Halli á vegáætlun 1966	59300	
	<hr/> 427600	

Sundurliðun.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:	1967	1968
1. Reykjanesbraut	6800	6800
2. Þrengslavegur	3200	3200

Fært á II. III. 1. 10000 10000

2. Til þjóðbrauta:

	1967	1968	Alls
1. Vesturlandsvegur (B 1):			
a. Hvammsvík—Skeiðhóll	840	—	—
b. Skeiðhóll—Lambasnasir	160	1900	—
c. Kleifahlíð	850	—	—
d. Slitur—Mávadalsá	450	—	—
e. Bjarkarlundur—Kollabúðir	—	840	5040
2. Stykkishólmsvegur (B 26):			
a. Nesvogur	—	400	400
3. Ólafsvíkurvegur (B 37):			
a. Enni	870	830	—
b. Rif	190	290	—
c. Staðarsveit	—	300	2480
4. Grundarfjarðarvegur (B 48):			
a. Kolgrafir—Berserkjahraun	1340	80	1420
5. Vestfjarðavegur (C 1):			
a. Sunnan Þingmannaheiðar	900	1500	—
b. Breiðadalsheiði	1300	1900	5600
6. Barðastrandarvegur (C 10):			
a. Brjánslækur—Þverá	760	340	1100
7. Strandavegur (C 31):			
a. Í Bæjarhreppi	300	—	—
b. Um Kálfalæk	730	—	1030
8. Norðurlandsvegur (E 1):			
a. Í Reykjadal norðan Laugar	400	—	—
b. Austan Jökulsár á Fjöllum	400	—	800
9. Siglufjarðarvegur (D 39)	4500	4300	8800
10. Ólafsfjarðarvegur (E 2):			
a. Um Ólafsfjarðarmúla	1000	1000	2000
11. Kinnarvegur (E 20):			
a. Hjá Krossi	500	—	500
12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):			
a. Við Einarstaði	—	200	—
b. Um Aðaldalshraun	—	800	—
c. Húsavík—Syðri-Tunga	300	—	—
d. Lindarbrekka—Hóll	200	—	—
e. Austan Jökulsár vestan Heiðar	100	350	—
f. Á Ytra-Hálsi	500	500	—
g. Sunnan Þórshafnar	100	600	3650
13. Austurlandsvegur (F 1):			
a. Í Möðrudal	1800	800	—
b. Á Jökuldal	700	—	—
c. Um Hróarstungu	1000	—	—
d. Í Skriðdal	400	—	—
e. Á Breiðdalsheiði	1000	420	—
f. Í Breiðdal	—	630	—
g. Streitishvarf—Lónsheiði	850	1450	—
h. Geithellnahr.—Bæjarhr.	500	500	10050
14. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (D 2):			
a. Á Hellisheiði	300	300	—
b. Í Jökulsárhlíð	410	—	1010

15. Norðfjarðarvegur (F 31):	1967	1968	Alls
a. Um Fagradal	500	500	1000
16. Suðurfjarðavegur (F 39):			
a. Í Stöðvarfirði	340	400	740
17. Suðurlandsvegur (G 1):			
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd	—	630	—
b. Brekkuholt—Efri-Rauðalækur	1380	620	—
c. Dalsás—Miðdalur	—	470	3100
19. Þingvallabraut (G 3):			
a. Valhöll—Leirugjá	420	—	—
b. Kafli um Vatnsvík og Klifið	200	—	—
c. Valhöll—Vatnsvík	—	780	1400
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fært á II. III. 2.	26490	23630	50120

3. Til landsbrauta:

2. Grindavíkurvegur (A 5):	1967	1968	Alls
a. Grindavík—Staður	350	—	—
b. Um Selháls	—	235	585
3. Kjósarskarðsvegur (A 24):			
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá	150	125	—
b. Um Laxá	—	140	415
4. Dragavegur (B 2)	300	200	500
6. Skorradalsvegur (B 9):			
a. Merkgil—Háafell	270	200	470
8. Flókadalsvegur (B 14)	174	200	374
9. Reykdælavegur (B 16):			
a. Rauðsgil—Búrfell	—	200	200
10. Hálsasveitarvegur (B 17)	300	300	600
11. Grjóthálsvegur (B 20):			
a. Þverárrétt	—	155	155
12. Norðurárdalsvegur (B 22):			
a. Frá Háreksstöðum	400	400	800
16. Hraunhreppsvegur (B 30):			
a. Um Akra	600	500	1100
17. Heydalsvegur (B 34):			
a. Hnappadalur	—	100	100
19. Skógarnesvegur (B 36)	—	100	100
22. Útnesvegur (B 41):			
a. Hellnahraun—Stapafell	710	270	980
23. Framsveitarvegur (B 43)	150	—	150
24. Skógarstrandarvegur (B 46):			
a. Skógarströnd	340	—	340
25. Langadalsvegur (B 47)	—	90	90
26. Hörðudalsvegur (B 48)	100	100	200
27. Hálsabæjarvegur (B 49)	100	—	100
29. Haukadalsvegur (B 51)	150	100	250
30. Laxárdalsvegur (B 52):			
a. Laxárdalur	150	183	—
b. Norðan Laxár—Hjarðarholtsvegur	150	150	633
31. Klofningsvegur (B 53)	800	800	1600

	1967	1968	Alls
32. Neðribyggðarvegur (B 54)	—	100	100
34. Staðarhólsvegur (B 56)	100	100	200
35. Sælingsdalsvegur (B 57)	—	100	100
40. Örlygshafnarvegur (C 13):			
a. Í Skershlið	60	—	60
42. Bildudalsvegur (C 15):			
a. Tálknafj.—Bildudalur	600	—	—
b. Trostansfj. á Vestfjarðaveg	650	100	1350
44. Svalvogavegur (C 19):			
a. Um og út fyrir Hafnarófæru	300	—	300
45. Ingjaldssandsvegur (C 21):			
a. Um Núp að Alviðru	145	—	—
a. Um Sandheiði	125	—	270
47. Súgandafjarðarvegur (C 25):			
a. Um Botnsdal á Botnsheiði	400	700	1100
48. Bolungarvíkurvegur (C 27)	500	800	1300
49. Djúpvegur (C 29):			
a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1200	1500	2700
b. Frá Ögri að Hjöllum			
50. Vatnsfjarðarvegur (C 30):			
a. Í Mjóafirði	150	—	—
b. Í Ísafirði og Reykjarfirði	250	250	650
51. Snæfjallastrandarvegur (C 34):			
a. Mórilla—Lónseyri	265	210	475
52. Strandavegur (C 37):			
a. Í Veiðileysufirði	—	—	—
b. Veiðileysuf.—Djúpuvík	970	—	—
c. Selvíkurhöfði—Reykjarfjarðará	200	—	—
d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík	87	500	—
e. Eyri í Ingólfsf.—Ófeigsfj.	100	100	1957
53. Drangnesvegur (C 41)	—	254	254
55. Miðfjarðarvegur (D 4):			
a. Norðan Urriðaár	—	300	300
56. Vesturárdalsvegur (D 5):			
a. Að Húki	—	205	205
58. Borgarvegur (D 10):			
a. Frá Síðu að Bjarghúsum	—	315	315
59. Víðidalssvegur (D 11):			
a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi	780	—	780
62. Reykjabraut (D 15):			
a. Frá Beinakeldu að Reykjum	550	500	1050
63. Svínvetningabraut (D 18):			
a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.	335	—	335
66. Skagavegur (D 23):			
a. Í Gönguskörðum	735	400	1135
67. Neðribyggðarvegur (D 24):			
a. Um Sölvabakka	—	100	100
68. Þverárfjallsvegur (D 26):			
a. Um Njálstaðabrúnir	—	330	330
69. Reykjastrandarvegur (D 27):			
a. Fagranesskriður	215	—	215

	1967	1968	Alls
71. Skagafjarðarvegur (D 30):	1967	1968	Alls
a. Við Viðimel	230	—	230
72. Efribygðarvegur (D 31):			
a. Frá Álfgæirsvöllum að Vatni	—	615	615
74. Sléttuhlíðarvegur (D 50)	77	105	182
75. Að félagsheimili Varmahlíð (E 1—9)	—	120	120
76. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):			
a. Hóll—Vatnsendi	100	100	200
77. Svarfaðardalsvegur (E 4):			
a. Hjá Klaufabrekku	—	430	430
78. Skíðadalsvegur (E 5):			
a. Tungur	—	525	525
82. Hörgárdalsvegur (E 9):			
a. Möðruvallam.—Dunhagi	350	—	—
b. Sunnan Þríhyrnings	80	—	430
83. Dagverðareyrarvegur (E 11):			
a. Að útvarpsstöð	410	—	410
84. Blómsturvallavegur (E 12):			
a. Að Blómsturvallamelum	150	—	150
85. Eyjafjarðarbraut (E 13):			
a. Við Rifkelsstaði	100	200	300
86. Svalbarðsstrandarvegur (E 16):			
a. Dálksst.—Sveinbjarnargerði	450	—	450
87. Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):			
a. Hjá Draflastöðum	375	—	375
89. Fremstafellsvegur (E 21):			
a. Frá Kinnarvegi	—	200	200
90. Út-Kinnarvegur (E 22):			
a. Norðan Ófeigsstaða	247	—	247
93. Reykjahverfisvegur (E 26):			
a. Helluland—Grenjaðarstaður	—	170	170
94. Hvammavegur (E 27):			
a. Við nýja brú á Laxá	—	630	630
95. Fagranesvegur (E 29):			
a. Sunnan Hellulands	—	150	150
97. Austurhlíðarvegur (E 32):			
a. Við Laugaskóla	—	78	—
b. Norðan Öndólfstaða	110	—	188
99. Baldursheimsvegur (E 35):			
a. Norðan Baldursheims	—	100	100
101. Uppsveitarvegur (E 38):			
a. Meiðavellir—Tóveggur	100	—	100
102. Hólsfjallavegur (E 39):			
a. Jökulsá—Beitivallamór	540	665	1205
110. Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9)	600	700	1300
112. Jökuldalsvegur efri (F 12)	—	500	500
113. Jökuldalsvegur eystri (F 13)	300	—	300
114. Hróarstunguvegir (F 14—F 17)	600	460	1060
115. Fellavegur efri (F 18)	80	—	80
116. Upphéraðsvegur (F 19)	300	600	900
117. Suðurdalsv. í Fljótsdal (F 22)	—	100	100
118. Fjarðarheiðarvegur (F 23)	350	500	850

	1967	1968	Alls
120. Úthéraðs- og Borgarfj.v. (F 25)	200	700	900
121. Hjaltastaðapínghárvegir (F 15, F 26—F 28)	103	114	217
123. Mjóafjarðarvegur (F 32)	150	100	250
124. Viðfjarðarvegur (F 33)	250	—	250
126. Breiðdalsvegur syðri (F 44)	350	—	350
127. Axarvegur (F 45)	100	—	100
128. Djúpavogsvegur (F 46)	400	—	400
129. Austurlandsv. í Skaftaf. (F 1):			
a. Austan Jökulsár á Breiðams.	420	500	920
a. Vestan Jökulsár á Breiðams.	400	400	800
130. Suðurlandsvegur (G 1):			
a. Skaftáreldahraun—Hraunbr.—Djúpibr. .	820	—	—
b. Skaftáreldahraun—Dyngjur	400	1470	2690
131. Þorlákshafnarvegur (G 6):			
a. Við Þorlákshöfn	—	400	400
133. Geysisvegur (G 20):			
a. Stakksá—Neðridalur	430	—	—
b. Tungufljót—Kjóastaðir	370	633	1433
136. Urriðafossvegur (G 46):			
a. Egilsstaðir—Suðurlandsv.	200	—	200
137. Gaulverjabæjarvegur (G 41)	150	—	150
140. Rangárvallavegur (G 55):			
a. Keldur—Reyðarvatn	125	—	125
141. Þingskálavegur (G 56):			
a. Um tún á Heiði	280	—	280
142. Fljótshlíðarvegur (G 60):			
a. Deild—Þverá	100	300	400
143. Út-Landeyjavegur (G 62):			
a. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II	107	—	—
b. Ytri-Hóll II—Ártún	395	640	1142
144. Álftaversvegur (G 83):			
a. Herjólfstaðir—Hraunbær	200	200	400
145. Búlandsvegur (G 84):			
a. Gröf—Hvammsá	—	125	125
	Fært á II. III. 3.	25410	23942
			49352

II. Til aðalfjallvega.

	1967	1968
1. Kaldadalsvegur	200	150
2. Kjalvegur	250	300
3. Sprengisandsleið	350	350
4. Fjallabaksvegur nyrðri	200	200
	Fært á II. IV. 1.	1000
		1000

III. Til brúargerða.

	1967	1968
1. Stórbrýr:		
1. Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1)	10.400	
2. Brúará hjá Spóastöðum (G 11)	4.900	
3. Fnjóská hjá Hrisagerði (E 1)	11.800	1.700
4. Eldvatn hjá Ásum (G 1)	3.000	
5. Jökulsá á Sólheimas. (G 1)	12.000	
6. Djúpadalsá í Skagaf. (E 1)		
7. Hamarsá í S.-Múl. (F 1)		5.100
8. Hrúta í Örafum (F 1)		3.600
9. Hverfisfljót í V.-Sk. (G 1)		3.700
	Fært á II. V. 1. 42.100	14.100
2. Brýr 10 m og lengri:		
1. Flókadalsá hjá Brúsholti	805	
2. Dýrastaðaá í Bf. (E 1)	1.400	
3. Reykjafjarðará í Strs. (C 37)	1.165	
4. Kjósará í Strs. (C 37)	870	
5. Svartá hjá Fossum (sýsluv.)	1.340	
6. Norðurdalsá hjá Tóarseli (sýsluv.)	1.730	
7. Holtsá undir Eyjafj. (G 1)	2.400	
8. Rauðilækur í Rvs. (G 1)	1.740	
9. Gljúfurá og Bakkárhóltsá í Ölfusi (G 1)	2.000	2.000
10. Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 19)		2.210
11. Staðarhólsá hjá Bjarnast. (sýsluv.)		780
12. Mjóafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.000
13. Kjálkafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.190
14. Katadalsá í V.-Hún. (sýsluv.)		430
15. Húseyjarkvísl í Skf. (sýsluv.)		1.500
16. Flókadalsá í Fljótum í Skf. (sýsluv.)		815
17. Svartá hjá Skeggjast. (sýsluv.)		1.375
18. Torfufellsá í Eyjaf. (E 13)		775
19. Laxá hjá Hólmavaði (E 27)		2.000
20. Eyvindará í Mjóaf. (F 32)		1.450
21. Breiðdalsá í Breiðdal (F 1)		900
22. Njarðvíkurá í Bf. eystra (sýsluv.)		875
23. Fellsá í Suðursveit (F 1)		2.400
	Fært á II. V. 2. 13.450	19.700
3. Smábrýr	1967 6.200	1968 6.300
	Fært á II. V. 3. 6.200	6.300

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR OG LANDS-
BRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR
AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

I. Hraðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vesturlandsvegur	24.3	38.2
2. Suðurlandsvegur	17.5	37.3
3. Hafnarfjarðarvegur	17.5	7.5
4. Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	24.2	28.1
5. Reykjanesbraut (um Breiðholt)	8.0	1.3
	<hr/>	<hr/>
	91.5	112.4

II. Þjóðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vestfjarðavegur:		
a. Sunnan Þingmannaheiðar	3.4	3.1
b. Gemlufallsheiði		1.8
c. Jarðgöng í Breiðadalsheiði	3.7	
d. Breiðadalsheiði	2.0	
2. Barðastrandarvegur (C 10)		1.0
3. Strandavegur (C 31)		0.5
4. Norðurlandsvegur:		
a. Um Hrútafjörð	1.0	1.5
b. Um Æsustaðaskriður í Langadal		1.0
5. Siglufjarðarvegur	17.5	4.4
6. Ólafsfjarðarvegur (Múlavegur)	2.4	1.2
7. Ólafsfjarðarvegur:		
a. Milli Árgerðis og Karlsár	1.0	1.0
8. Þingeyjarsýslubraut:		
a. Í Aðalreykjadal	1.0	0.5
b. Milli Jökulsár og Þórshafnar		0.5
9. Austurlandsvegur (Möðrudalur—Jökuldalur)	3.0	3.0
10. Norðfjarðarvegur:		
a. Við Egilsstaði	1.5	
b. Í Oddsskarði		1.0
11. Suðurfjarðavegur (um Vattarnes)	3.7	4.1
	<hr/>	<hr/>
	40.2	24.6

III. Landsbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Heydalsvegur	1.0	3.7
2. Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	1.0	1.5
3. Súgandafjarðarvegur		3.1
4. Djúpvegur (Ísafj.-flugvöllur)	0.8	
5. Bolungarvíkurvegur	2.0	
6. Heggstaðanesvegur		0.5
7. Deildardalsvegur		0.3
8. Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25) (sunnan Mýness)		1.0
9. Gullfossvegur	0.5	0.5
10. Eldhraunsvegur	0.5	0.5
11. Mýrdalssandsvegur	0.5	1.5
12. Þykkvabæjarvegur	0.2	0.2
	<hr/>	<hr/>
	6.5	12.8

III. a. FRAMKVÆMDIR VIÐ VEG MILLI HÚSAVÍKUR OG MÝVATNS

AÐ KÍSILGÚRVERKSMIÐJU

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Vegur frá kísilgúrverksmiðju við Mývatn um Grímsstaði, Hólasand og Reykjahverfi á Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri	1967 29.5	1968 23.1
--	--------------	--------------

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. maí 1967.***Ingólfur Jónsson.***Brynjólfur Ingólfsson.*

L Ö G

um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 6. gr. laga nr. 42 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 5 18. maí 1920 með áorðnum breytingum og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenskum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampa-lampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Drátt fyrir ákvæði 1. málsg. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal ávallt tímabundið.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálfst eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti, og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptöku afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða með sektum, 200—2000 kr.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

5. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

6. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal auk refsingar þeirrar, sem getur um í 4. gr., sæta varðhaldi eigi skemur en 2 mánuði. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta varðhaldi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 4. gr.

7. gr.

Allar sektir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

8. gr.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

Gjört á Bessastöðum, 18. maí 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

16. júní 1967.

111

Nr. 63.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum og eigenda íslenskra farskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Félagi íslenskra loftskeytamanna frá 25. maí s. l. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og ekki séu horfur á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum og tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórkostlegum truflunum og jafnvel stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna, verði framhald á því. Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenskra loftskeytamanna, sem hófust 25. maí 1967.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 2. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 3. september 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

A 14

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda þar til nýir samningar hafa tekizt milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra loftskytamanna, þó ekki lengur en til 1. nóvember 1967.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1967

7. júní 1967.

113

Nr. 64.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 7. júní 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

12. júní 1967.

Nr. 65.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöld heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 12. júní 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

11. júlí 1967.

Nr. 66.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 11. júlí 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 6. ágúst 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 68.

10. október 1967.

L Ö G

um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 31 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, laga nr. 25 22. apríl 1966 og laga nr. 90 23. desember 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar er kveðið á um í 10. gr. laga þessara.

2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

3. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjaldþagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885. Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður, við álagningu tekju-skatts og tekjuútsvars.
2. Framlag ríkissjóðs, 10 milljónir króna á ári, í fyrsta sinn 1967.
3. Vextir.

6. gr.

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánnum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekju-skatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinnna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamis-mun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

7. gr.

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Ríkissjóður leggur lánadeild veiðarfæraiðnaðar til sem stofnfé skuldabréf Síldar-verksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1952, að eftirstöðvum kr. 11.6 millj.

Tekjur lánadeildar veiðarfæraiðnaðar skulu vera sem hér segir:

1. Af veiðarfærum, sem koma eða eru flutt inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem rennur til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar. Skal gjald þetta nema 1% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, sbr. II. kafla laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu gjaldsins. Við álagningu gjaldsins, innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd, svo og um refs-ingar og önnur viðurlög vegna brota á ákvæðum þessa tl. og mál út af slíkum brotum, skal ákvæðum laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, beitt, eftir því sem við á.

Til veiðarfæra samkvæmt þessum tl. teljast:

Netagarn úr hampi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	57.05.02
Færi, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Línur, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Kaðlar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.02
Öngultaumar, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.03
Fiskinet úr gerviefnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.01
Fiskinet úr öðrum efnum, tollskrárn., sbr. lög nr. 7/1963 ..	59.05.02

2. Framlög, sem veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.

3. Vextir af stofnfé.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 millj. kr. lán til starfsemi lánadeildar veiðarfæraíðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slík lán.

8. gr.

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi lánadeildar veiðarfæraíðnaðar, þar á meðal um vaxtakjör lána. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að veita megi, auk lána, styrki eða vaxtalaus framlög um tiltekið árabil til að stofnsetja veiðarfæragerðir og jafnframt til verðjöfnunar á ótollverndaðri, innlendri veiðarfæraframleiðslu, ef þurfa þykir vegna erlendrar samkeppni.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekur sjóðsins hrökkva ekki til.

10. gr.

Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánnum úr sjóðnum.

11. gr.

Upphæð lána má nema allt að sextíu af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma.

Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

12. gr.

Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.
3. Gegn ríkisábyrgð.

Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru til greindar, svo að lán verði fulltryggt að hennar dómi.

Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veði í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölumöguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga þessara.

Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánum úr Iðnlánasjóði, að þau séu váttryggð í váttryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

13. gr.

Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lán-tökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum.

14. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 15 ár.

Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 7 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

15. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu álit bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra, vexti af lánum Iðnlánasjóðs.

16. gr.

Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánbeiðandi getur veitt fyrir láni.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta.

Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

17. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

18. gr.

Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

20. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

21. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

22. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 67 frá 17. júlí 1946, um Iðnlánasjóð, og 11. gr. laga nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. október 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1967

25. nóvember 1967.

119

Nr. 69.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands
um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskránn, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum.

Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundradshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 19. nóvember 1967 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. desember 1967.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

2. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 19. nóvember 1967, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

3. gr.

Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

A 15

4. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir árslok 1967, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 19. nóvember 1967. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi skv. 1. málsg. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal með sérstökum lögum ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.

5. gr.

Stofna skal sérstakan gengisbreytingarreikning í Seðlabankanum, og skal á hann færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum hönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendir gjaldeyri í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans. Á þennan reikning skulu einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961, sbr. 5. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960 og 1. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 24. nóvember 1967, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

6. gr.

Tíunda grein laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 frá 25. maí 1960, orðist svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni það í ríkissjóð til greiðslu kostnaðar við verðlagseftirlit.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 92 frá 22. desember 1965, um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 frá 25. maí 1960.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 25. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. desember 1967 skal verðlagsuppbót aukin sem því svarar, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni verðlagsuppbót hækki í hlutfalli við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er um getur í 2. gr. þessara laga. Kauplagnesnefnd framkvæmir þennan útreikning. Gildir þetta þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda.

2. gr.

Kauplagnesnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagnesnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagnesnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúarbyrjun 1968.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn, 10. október 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1967.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögín komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Til ársloka 1968 fer níu manna nefnd, verðlagsnefnd, með verðlagsákvæðum. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmanna skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina, og fellur jafnframt niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1967

29. nóvember 1967.

123

Nr. 73.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „1966“ í 7. gr. laganna komi: 1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

18. desember 1967.

Nr. 74.

L Ö G

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsg. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. gr.

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. liður 7. gr. laganna orðist þannig:
Þjónusta banka og sparisjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G**um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 39 27. júní 1921.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 500 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000.00 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattfyrvalda.

2. gr.

Virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna skal miðuð við gildandi fasteignamat nifaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamati margfölduðu með 4.5.

3. gr.

Í stað orðanna „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I-lið 26. gr. laganna komi: 200 þús. kr. skattgjaldseign.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og er þá oddvita hreppsins skylt að gegna starfanum. Nú hefur umboðsmaður þegar verið skipaður í stað hreppstjóra, og skal sú skipan haldast, meðan hann kys að sinna starfanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1967.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 43 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur falla úr gildi 2. og 3. málsliður b-liðs 3. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

- a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á váttryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum

kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.

- b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
- c. Bætur til bræðslusildariðnaðar og fiskimjòlsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
- d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um fersk-fiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði sildarleitar-skips og um sildargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

Sjávarútvegsráðgjafar getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í staflidum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna; Sildarverksmiðja ríkisins og annarra sildarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðherra í hans stað með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

Bætur samkvæmt staflidunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a. Allt að einum fjórða til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðni aukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsráðgjafar. Aherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
- c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsráðgjafar.
- d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnféð milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 26. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem:

- a. eru 20 ára að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenskir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. eru eigi sviptir löggræði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands er sjóður til hjálpar landsmönnum í hallæri, til að koma í veg fyrir bjargarskort, og til að bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara og sjúkdóma, allt eftir þeim reglum, sem gilda um einstakar deildir sjóðsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: sameignardeild, séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga og afurðatjónadeild landbúnaðarins.

3. gr.

Hlutverk sameignar- og séreignardeildar er að hjálpa landsmönnum í hallæri og afstýra neyðarástandi, enn fremur bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða fellu.

Hlutverk afurðatjónadeildar er að hjálpa bændum, sem verða fyrir tilfinnanlegu uppskerutjóni vegna grasbrests og óþurrka og afurðatjóni á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma.

4. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru þessar:

- a. Framlag sveitarfélaga, er skal vera 10 krónur fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, samkvæmt þjóðskránni 1. des. næsta ár á undan.
- b. Framlag ríkissjóðs, er nemur 10 krónum fyrir hvern mann, samkvæmt þjóðskránni 1. des. næsta ár á undan.
- c. 0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- d. Framlag ríkissjóðs, er nemur jöfnu framlagi bænda samkvæmt c.-lið þessarar greinar.
- e. Vextir af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórninn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og formaður Stéttarsambands bænda. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, reikningshald hans og annað það, er sjóðinn varðar. Rétt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, sem annast þá í umboði stjórnarinnar allt reikningshald og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins.

Bjargráðastjórn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

7. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og endurskoðendur ríkisreikninganna skulu endurskoða reikningana án sérstaks endurgjalds frá sjóðnum, og skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Framlag sveitarfélaga innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga það frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði.

Framlag ríkissjóðs, samkvæmt 4. gr. b., greiðist sjóðnum fyrir 30. júní ár hvert.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt c-lið 4. gr. gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. d. greiðist ársfjórðungslega.

9. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

Í sameignardeild rennur allt framlag ríkissjóðs, samkvæmt 4. gr. b., og 25% af framlagi sveitarfélaga, samkvæmt 4. gr. a., og er það sameign allra landsmanna.

Í séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga rennur 50% af framlagi sveitarfélaga, samkvæmt 4. gr. a., og skal það vera séreign þess kaupstaðar, er framlagið greiddi, eða sýslu vegna þeirra framlaga, sem hreppar sýslunnar hafa greitt.

Í afurðatjónadeild landbúnaðarins rennur allt framlag bænda samkvæmt 4. gr. c. og ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. d., enn fremur 25% af framlagi sveitarfélaga samkvæmt 4. gr. a.

Vextir af fé hvefrrar deildar eru eign hennar.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóði.

10. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu álití bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda bjargráðastjórn þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætta er á bjargarskortri fyrir menn og skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar.

11. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt:

- a. að veita sveitarfélögum og sýslufélögum lán eða styrk eða hvort tveggja úr sameignarsjóði, ef um er að ræða hallæri í sveitarfélaginu eða sýslunni vegna óvenjulegra harðinda, langvarandi aflaleysis eða vegna tjóns af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu.
- b. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, lán eða styrk eða hvort tveggja, úr sameignarsjóði, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu. Lán skal tryggt með ábyrgð sveitarfélags eða annarri öruggri tryggingu.

Ef handbært fé sameignardeildar verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu lána eða styrkja, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, er stjórn sjóðsins heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

12. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum og einstökum bændum lán eða óafturkræft framlag eða hvort tveggja úr afurðatjónadeild. Lán til einstakra bænda skulu tryggt með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga eða annarri öruggri tryggingu:

- a. til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár vegna grasbrests eða óþurrka, svo að til stórhnekkis gæti orðið fyrir afkomu bænda.
- b. vegna afurðatjóns á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma, svo sem lambaláts, veiruskitu í kúm og sölubanns afurða.
- c. til að bæta stórtjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu eða það bætt samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt 10., 11. og 12. gr. laga þessara, skal ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, er lánar fé til landbúnaðar.

14. gr.

Sá, sem sækir um lán eða styrk úr sameignardeild samkvæmt 11. gr. a.—b. og afurðatjónadeild samkvæmt 12. gr., skal senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur,

sem kostur er á, um tjón það, sem bæta skal. Bjargráðastjórn getur krafizt vottorða og upplýsinga varðandi slíkar umsóknir frá þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt, og er þeim skylt að láta þær í té, svo sem föng eru á.

15. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, samkvæmt 11. gr. a.—b. og 12. gr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði.

Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

16. gr.

Í reglugerð, er bjargráðastjórn semur og staðfest er af ráðherra, skal setja nánari reglur um rekstur sjóðsins og ákvæði um lán og bætur úr honum, þar á meðal ákvæði um greiðslu dráttarvaxta, ef vanskil verða. Skal leita tillagna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um þau atriði, er varða afurðatjónadeild landbúnaðarins.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 14. febr. 1961, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 10 18. marz 1966.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar og slysatryggingar, en sjúkratryggingar eru í höndum sjúkrasamlaga, héraðssamlaga og Tryggingastofnunarinnar eftir því, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Sjúkrasamlög og héraðssamlög eru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar, en ríkisstjórnin (félagsmálaráðuneytið) hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því, sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera, deildarstjóra og tryggingalækni tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

3. gr.

45. gr. orðist svo:

Hlutverk héraðssamlaga er:

- a. Að tryggja samlagsmönnnum sjúkrasamlaganna í umdæminu sjúkrahúsvist samkvæmt ákvæðum 1. málgr. 49. gr.
- b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum $\frac{3}{4}$ hluta kostnaðar, samkvæmt g-lið og h-lið 4. mgr. 49. gr.
- c. Að sjá um greiðslu sjúkradagpeninga eftir úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna.
- d. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna, gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag og senda Tryggingastofnuninni hvort tveggja árlega.
- e. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál í umdæminu.

Héraðssamlag gerir sjúkrasamlögum reikning fyrir greiddum sjúkradagpeningum. Af rekstrarkostnaði sínum og sjúkrahúsvist, sem það tryggir, stendur það straum með iðgjöldum samkvæmt 3. málgr. 54. gr., og sama gildir um greiðslur samkvæmt b-lið 1. mgr. þessarar greinar að því leyti, sem framlög skv. c-lið 2. mgr. 46. gr. hrökkva ekki til. Um reikningsskil milli sjúkrasamlaga og héraðssamlags fer eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur.

4. gr.

46. gr. orðist svo:

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar er:

- a. Að annast sjúkratryggingar samkvæmt 2. og 3. mgr. 49. gr.
- b. Að veita styrk til örkuðla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingararmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.
- c. Að annast málefni sjúkrasamlaga og héraðssamlaga, sbr. 2. gr.
- d. Að greiða kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
- e. Að greiða til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, en ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags, hluta sjúkrasamlaga af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 55. gr. Héraðssamlag heldur eftir af framlaginu fyrir iðgjöldum samkvæmt 3. málgr. 54. gr. og sjúkradagpeningum samkvæmt c-lið 1. málgr. 45. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sjúkratryggingadeild greiði:

- a. Gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
- b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.
- c. Framlög vegna útgjalda samkvæmt g-lið og h-lið 4. mgr. 49. gr. til héraðs-samlaga og sjúkrasamlaga í kaupstöðum. Heildarfjárhæð slíkra framlaga skal ákveðin í fjárhagsáætlun sjúkratryggingadeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

5. gr.

47. gr. 1. málsg. orðist svo:

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 54. gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru vistmenn fávitastofnana.

6. gr.

Í stað orðanna í 48. gr.: „dvöl í sjúkrahúsi eða hæli“ komi: dvöl í fávitastofnun.

7. gr.

49. gr. orðist svo:

Sjúkrasamlög kaupstaðanna og héraðssamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 51. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu mgr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. mgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar eða langvinnis sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum, sem Tryggingastofnunin hefur samning við, að undanskildum fávita-hælum, sbr. lög nr. 53/1967, og sjúkrahúsum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar, samkvæmt þessari mgr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálpi, sem hér er talin:

- a. Almenn læknishjálpi utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Fyrir hvert viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveðið skal með reglugerð. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
- b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að $\frac{3}{4}$ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.

- c. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að $\frac{3}{4}$ eða $\frac{1}{2}$, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
- d. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að $\frac{3}{4}$ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
- e. Sjúkradagpeninga samkvæmt 50. gr.
- f. Dvöl umfram 9 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.
- g. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.
Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að $\frac{3}{4}$ hlutum.
- h. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, influensa, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla dagpeninga vegna slíkra sjúkdóma, ef faraldurinn er yfirgripsmikill, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar samkvæmt 35. gr.

8. gr.

Í stað orðsins í 51. gr. 1. málgr.: „sjúkrasamlög“ komi: sjúkrasamlög og héraðs-samlög.

Í stað orðanna í 51. gr. 2. mgr.: „49. gr. b. og c.“ komi: 49. gr. 4. mgr. a. og b.

Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:

Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenskra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrá á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðast við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.

Sé um sjálfsseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlitt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

9. gr.

54. gr. orðist svo:

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld í hverju sjúkrasamlagi að fengnum tilögum sjúkrasamlagsstjórnar og unsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur sjúkrasamlags nægi til að standa straum af iðgjaldgreiðslum til héraðssamlags samkv. 3. málsg. þessarar greinar og öðrum skuldbindingum sjúkrasamlagsins. Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

Iðgjöld til sjúkrasamlags greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlaginu, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld sjúkrasamlaga til héraðssamlags þess, sem þau eru aðilar að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að þau nægi til að standa straum af skuldbindingum héraðssamlagsins. Iðgjald til héraðssamlags reiknast af hverjum samlagsmanni sjúkrasamlags og telst gjaldfallið, um leið og samlagsmaður hefur greitt iðgjald sitt til sjúkrasamlags.

10. gr.

55. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 250% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf tveggja eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

11. gr.

56. gr., 5. málsg. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjúlífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í fávita-stofnun eða stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir til hans niður. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Falli niður lífeyrir til sjúklings, sem greitt er fyrir af sjúkrasamlagi eða héraðssamlagi, skulu lífeyristryggingar greiða þessum aðilum örorku-

lífeyri að viðbættum 60% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

12. gr.

1. málsliður 3. málsg. 72. gr. orðist svo:

Lífeyrstryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og annaðhvort uppfylla skilyrði 1. málsg. 13. gr. eða eru orðnir 67 ára að aldri

13. gr.

78. gr. orðist svo:

Mynda skal varasjóð sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar af vörzlufé vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana, sjúkrabóta og heilsugæzlu. Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 55. gr.

Heimilt er að veita lán eða styrk úr varasjóði sjúkratryggingadeildar til sjúkrasamlaga og héraðssamlaga, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði. Reglur um slíkar fyrirgreiðslur skulu settar af tryggingaráði og staðfestar af ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1968. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 78 23. júlí 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla, og lög nr. 99 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum, lög nr. 98 22. des. 1965 og lög nr. 94 20. des. 1966, hvor tveggja um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla og njóta styrks vegna dvalar í sjúkrahúsi eða hæli hinn 31. desember 1967, skal tryggð sjúkrahúss- eða hælisvist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar frá 1. janúar 1968 án tillits til, um hve langa vist hefur verið að ræða.

Lífeyristryggingarnar greiða, án sérstaks úrskurðar um örorku til langframa, sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem tryggð er sjúkrahúss- eða hælisvist samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar.

Frá því að dvöl samkvæmt 1. málsg. lýkur eða hún telst ekki lengur nauðsynleg, fer um tryggingu sjúkrahúss- og hælisvistar og greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda eftir almennum ákvæðum laga þessara.

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.

Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.

Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24 gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.

Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins, með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 84.

13. júní 1967.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og nr. 2 frá 19. janúar 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966.

Forseti Íslands féllst hinn 13. júní 1967 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og nr. 2 frá 19. janúar 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966:

1. gr.

Á eftir 15. tölul. í 45. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Verkleg próf samkvæmt 7. og 8. tölulið skulu vera með þeim hætti, að í lok kennslumisseris gefa kennarar og prófdómendur prófmönnum einkunnir fyrir meiri háttar verklegar úrlausnir, sem þeir hafa unnið síðustu 2 misserin.

2. gr.

52. gr. II., 2. mgr., breytist svo, að í stað orðanna „í lok marzmánaðar“ komi „í marzmánuði“.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. júní 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1967

29. desember 1967.

139

Nr. 85.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A - H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

	Þús. kr.
0 Gjöld	6 139 763
1 Tekjur	6 241 485
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	101 722
3 Lánahreyfingar út	50 459
4 Lánahreyfingar inn	3 525
	<hr/>
Mismunur	46 934
Greiðslujöfnuður:	
Á rekstrarreikningi	101 722
Á lánahreyfingum	46 934
	<hr/>
Greiðsluafgangur	54 788

2. gr.

Árið 1968 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 00 Æðsta stjórn ríkisins		46 109
1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið		956 405
101 Yfirstjórn	9 947	
102—199 Annað	17 938	
201—403 Fræðslumál	845 071	
404—999 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	83 449	
1 02 Utanríkisráðuneytið		91 722
101—102 Yfirstjórn	13 978	
103 Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	18 939	
201—211 Sendiráð	40 978	
300 Alþjóðastofnanir	17 827	
1 03 Atvinnumálaráðuneytið		844 546
101 Yfirstjórn	4 740	
103—104 Annað tengt yfirstjórn	10 500	
201—249 Búnaðarmál	530 269	
301—399 Útvegsmál	204 346	
401—408 Raforkumál	82 171	
501—599 Annað	12 520	
1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		694 564
101 Yfirstjórn	6 892	
102—153 Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	316 642	
201—220 Heilbrigðismál	302 572	
301,		
401—402 Annað	16 867	
501 Þjóðkirkjan	51 591	
1 05 Félagsmálaráðuneytið		1 887 340
101 Yfirstjórn	4 399	
201, 801 Almannatryggingar	1 423 200	
202—706,		
802—999 Ýmis félagsmál	459 741	

3. gr.

Árið 1968 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

Beinir skattar:		Þús. kr.	Þús. kr.
1 1	Persónuskattar		502 725
1 10 1	Almannatryggingagjald	284 800	
1 10 2	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	124 600	
1 10 3	Slysatryggingagjald atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	43 000	
1 10 4	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	42 500	
1 10 5	Námsbókagjald	7 825	
1 2	Eignarskattar		130 840
1 20 1	Eignarskattur einstaklinga	93 500	
1 20 2	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	935	
1 20 3	Eignarskattur félaga	30 500	
1 20 4	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	305	
1 20 5	Erfðafjárskattur	5 500	
1 20 6	Stóreignaskattur	100	
1 3	Tekjuskattar		560 550
1 30 1	Tekjuskattur einstaklinga	467 500	
1 30 2	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	4 675	
1 30 3	Tekjuskattur félaga	87 500	
1 30 4	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	875	
Óbeinir skattar:			
2	Gjöld af innflutningi		2 298 760
2 10 1	Aðflutningsgjöld	1 927 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ..	96 350	
		<hr/>	1 830 650
2 10 2	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	20 000	
2 10 3	Gúmmígjald	14 700	
2 10 4	Innflutningsgjald af benzíni	252 600	
2 10 5	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 000	
2 10 6	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	150 600	
2 10 7	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	8 940	
2 10 8	Tollstöðvargjald	9 635	
2 10 9	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	9 635	

Rekstrar-

0 Gjöld:

		Dús. kr.	Dús. kr.
	Flutt af bls. 140		4 520 686
1 06	Fjármálaráðuneytið		361 300
	101—102 Yfirstjórn	18 881	
	201—304 Toll- og skattheimta	105 145	
	401—901 Annað	237 274	
1 07	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið		661 372
	101 Yfirstjórn	3 099	
	111—171 Samgöngumál	631 665	
	200—205 Iðnaðarmál	26 608	
1 08	Viðskiptaráðuneytið		580 570
	101 Yfirstjórn	3 400	
	301 Niðurgreiðslur	569 300	
	201—204 Annað	7 870	
1 09	Hagstofa Íslands		7 629
1 10	Ríkisendurskoðun		8 206

reikningur.

1 Tekjur :

		Þús. kr.	Þús. kr.
			3 492 875
			88 300
2 2	Gjöld af framleiðslu		
2 20 1	Gjöld af innlendum tollvörum	62 000	
2 20 3	Sælgætisgjald	2 300	
2 20 4	Flöskugjald	24 000	
2 3	Gjöld af seldum vörum og þjónustu		2 225 895
2 30 1	Söluskattur	1 472 500	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	117 800	
		<hr/>	
		1 354 700	
2 30 2	Miðagjald til Menningarsjóðs	3 400	
2 30 3	Skemmtanaskattur	16 500	
2 30 4	Launaskattur	107 000	
2 30 5	Ferskfiskmatsgjald	9 500	
2 30 6	Síldarmatsgjald	50	
2 30 7	Síldargjald	15 342	
2 30 8	Iðnaðargjald	2 400	
2 30 9	Gjald af seldum vindlingum	13 100	
2 31 0	Gjald af seldum eldspýtum	1 800	
2 31 1	Sérleyfisgjald	1 500	
2 31 2	Rekstrarhagnaður Á. T. V. R.	692 500	
2 31 3	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	7 900	
2 31 4	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
2 31 5	Síldarsölugjald	3	
2 4	Aðrir óbeinir skattar		386 897
2 40 1	Lestagjald	1 300	
2 40 2	Vitagjald	3 800	
2 40 3	Stimpilgjald	100 000	
2 40 4	Skoðunargjald bifreiða	6 000	
2 40 5	Skrásetningargjald bifreiða	6 600	
2 40 6	Prófgjöld bifreiðastjóra	1 100	
2 40 7	Skipaskoðunargjald	2 700	
2 40 8	Skipulagsgjald	6 800	
2 40 9	Prófgjald iðnnema	400	
2 41 0	Bifreiðaskattur	74 700	
2 41 0	Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	16 160	
2 41 2	Rafstöðvagjald	30	
2 41 3	Rafmagnseftirlitsgjald	5 500	
2 41 4	Verðjöfnunargjald	22 500	
2 41 5	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	3 600	
2 41 6	Þinglýsingar	31 500	
2 41 7	Aukatekjur	30 000	
2 41 8	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	9 000	
2 42 0	Leyfisgjald	9 800	

Rekstrar-

0 Gjöld :

Flutt af bls. 142

Dús. kr.

Dús. kr.

6 139 763

Gjöld samtals	<u>6 139 763</u>
Tekjur umfram gjöld	101 722
	<u>6 241 485</u>

reikningur.

		Pús. kr.	Pús. kr.
1 Tekjur :			
Flutt af bls. 143			
2 42 1	Hluti af umboðspókn. og gengismun viðsk.bankanna	40 000	
2 42 2	Hvalveiðigjald	7	
2 42 4	Sérlyfjagjald	400	
2 42 5	Vegagjald	15 000	
3	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		12 218
3 00 1	Afgjöld ríkisjarða	400	
3 00 2	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	8 888	
3 00 3	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	535	
3 00 4	Fríhófnin, Keflavíkurflugvelli	2 395	
9	Ýmsar tekjur		35 300
9 00 1	Vextir	20 000	
9 00 2	Arður af hlutabréfum	2 000	
9 00 3	Söluandvirði óeignfærðra fjármuna	—	
9 00 4	Endurgreitt stofnfé	—	
9 00 5	Gjafafé frá innlendum aðilum	—	
9 00 6	Gjafafé frá erl. aðilum	—	
9 00 7	Yfirverð líknarfrimerkja	100	
9 00 8	Samúðarskeyti Landssímans	1 400	
9 00 9	Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs	1 500	
9 01 2	Sektir og upptækar vörur til rikissjóðs	10 000	
9 09 9	Ýmsar óvissar tekjur	300	
Tekjur samtals			6 241 485

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

	Þús. kr.	Þús. kr.
100 Embætti forseta Íslands:		
0 10 Laun	1 861	
0 20 Viðhald	451	
0 50 Önnur rekstrargjöld	1 549	
Gjöld samtals		3 861
 200 Alþingi:		
0 10 Laun	23 056	
0 50 Önnur rekstrargjöld	16 320	
Gjöld samtals		39 376
 300 Ríkisstjórn:		
0 10 Laun	2 648	
0 50 Önnur rekstrargjöld	224	
Gjöld samtals		2 872
	<hr/>	
Samtals		46 109

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

	Þús. kr.	Þús. kr.
101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:		
0 10 Laun	4 549	
0 50 Önnur rekstrargjöld	5 398	
Gjöld samtals		9 947
 102 Efnahagsstofnunin:		
0 10 Laun	1 654	
0 20 Viðhald	110	
0 50 Önnur rekstrargjöld	720	
Gjöld samtals		2 484
 103 Byggingarsjóður stjórnarráðshúss:		
0 90 Yfirfærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B-hluta	1 440	
Gjöld samtals		1 440
 199 Ýmislegt:		
0 10 Laun	2 197	
0 20 Viðhald	550	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	10 075	
0 50 Önnur rekstrargjöld	1 192	
Gjöld samtals		14 014
Viðfangsefni:		
02 Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	1 368	
03 Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.	129	
04 Ritun og útgáfa sögu stjórnarráðsins	240	
05 Menntamálaráðuneytið, byggingadeild	1 727	
06 Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu ..	550	
07 Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu	10 000	
Gjöld samtals	14 014	
 201 Háskóli Íslands:		
0 10 Laun	31 810	
0 20 Viðhald	638	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 100	
0 50 Önnur rekstrargjöld	7 807	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	600	
Gjöld samtals	41 955	
1 00 Tekjur	340	
Mismunur	41 615	

		Dús. kr.	Dús. kr.
202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum:		
0 10	Laun	4 066	
0 20	Viðhald	741	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	860	
0 50	Önnur rekstrargjöld	9 485	
	Gjöld samtals	15 152	
1 00	Tekjur	11 223	
	Mismunur		3 929
203	Raunvísindastofnun Háskólans:		
0 10	Laun	4 446	
0 20	Viðhald	440	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	500	
0 50	Önnur rekstrargjöld	1 800	
	Gjöld samtals	7 186	
1 00	Tekjur	200	
	Mismunur		6 986
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	1 999	
02	Rannsóknarstofa í stærðfræði	530	
03	Rannsóknarstofa í eðlisfræði	2 493	
04	Rannsóknarstofa í efnafræði	1 072	
05	Rannsóknarstofa í jarðeðlisfræði	1 092	
	Gjöld samtals	7 186	
204	Reiknistofnun Háskólans:		
0 90	Yfirfærslur:		
0 91	Til fyrirtækja í B-hluta	400	
	Gjöld samtals		400
205	Handritastofnun Íslands:		
0 10	Laun	1 517	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 300	
0 50	Önnur rekstrargjöld	240	
	Gjöld samtals		3 057
206	Orðabók Háskólans:		
0 10	Laun	1 137	
0 50	Önnur rekstrargjöld	60	
	Gjöld samtals		1 197
208	Náttúrufræðistofnun Íslands:		
0 10	Laun	2 125	
0 40	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
0 50	Önnur rekstrargjöld	568	
	Gjöld samtals		2 993

	Þús. kr.	Þús. kr.
209 Rannsóknaráð ríkisins:		
0 10 Laun	670	
0 20 Viðhald	55	
0 50 Önnur rekstrargjöld	1 490	
Gjöld samtals		2 215
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	1 355	
02 Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins	860	
Gjöld samtals	2 215	
210 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
0 90 Yfirfærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B-hluta	3 600	
Gjöld samtals		3 600
211 Menntaskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	17 413	
0 20 Viðhald	1 238	
0 30 Vextir	654	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
0 50 Önnur rekstrargjöld	2 178	
Gjöld samtals		21 783
3 00 Lánahreyfingar út	574	
212 Menntaskólinn á Akureyri:		
0 10 Laun	8 018	
0 20 Viðhald	770	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
0 50 Önnur rekstrargjöld	2 184	
Gjöld samtals		16 972
213 Menntaskólinn á Laugarvatni:		
0 10 Laun	3 221	
0 20 Viðhald	385	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	7 900	
0 50 Önnur rekstrargjöld	679	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
Gjöld samtals		12 210
214 Menntaskólinn við Hamrahlíð:		
0 10 Laun	5 626	
0 30 Vextir	946	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	11 700	
0 50 Önnur rekstrargjöld	1 032	
Gjöld samtals		19 304
3 00 Lánahreyfingar út	1 008	

	Pús. kr.	Pús. kr.
215 Kennaraskólinn:		
0 10 Laun	12 834	
0 20 Viðhald	352	
0 30 Vextir	1 267	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000	
0 50 Önnur rekstrargjöld	3 301	
0 90 Yfirlærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	75	
Gjöld samtals		18 829
3 00 Lánahreyfingar út	2 494	
218 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans, byggingarstyrkur:		
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	5 700	
Gjöld samtals		5 700
219 Menntaskóli á Ísafirði, byggingarstyrkur:		
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
Gjöld samtals		2 500
220 Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:		
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
Gjöld samtals		2 500
221 Fræðslumálaskrifstofan:		
0 10 Laun	7 230	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	47	
0 50 Önnur rekstrargjöld	4 194	
0 90 Yfirlærslur:		
0 92 Til sveitarfélaga	11 300	
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	5 648	
Gjöld samtals		28 419
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	4 914	
02 Námsstjórnar	2 899	
03 Almenningsbókasöfn	5 500	
04 Ferðakennsla í íþróttum	186	
05 Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar	143	
06 Íþróttasjóður	5 000	
07 Bókmenntakynning í skólum	106	
08 Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	240	
09 Námsflokkar	150	
10 Fræðslu- og kynningarmót isl. skólastjóra	36	
11 Eftirlit með veikindaförföllum	16	
12 Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	5 400	
13 — skiðakennslu í barnaskólum	90	
14 — skiðakennslu í gagnfræðaskólum	130	
15 — útgáfu handbóka um skólaiþróttir	35	
16 — fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslumálustjóra	103	
17 Gjöld samkvæmt 28. og 40. gr. laga um almannatryggingar	2 171	
18 Til fræðslumyndasafns ríkisins skv. l. nr. 49/1967	800	
19 Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálustjóra	500	
Gjöld samtals	28 419	

	Þús. kr.	Þús. kr.
222 Fjármálaeftirlit skóla:		
0 10 Laun	982	
0 50 Önnur rekstrargjöld	720	
Gjöld samtals		1 702
223 Íþróttakennaraskóli Íslands:		
0 10 Laun	716	
0 20 Viðhald	473	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
0 50 Önnur rekstrargjöld	390	
Gjöld samtals	4 579	
1 00 Tekjur	30	
Mismunur		4 549
224 Heyrnleysingjaskólinn:		
0 10 Laun	2 523	
0 20 Viðhald	39	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	77	
0 50 Önnur rekstrargjöld	875	
Gjöld samtals		3 514
231 Húsmæðrakennaraskóli Íslands:		
0 10 Laun	889	
0 20 Viðhald	160	
0 50 Önnur rekstrargjöld	252	
Gjöld samtals		1 301
232 Húsmæðraskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	1 645	
0 50 Önnur rekstrargjöld	408	
Gjöld samtals		2 053
233 Húsmæðraskólinn á Ísafirði:		
0 10 Laun	848	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður (til undirbúnings framkvæmda)	300	
0 50 Önnur rekstrargjöld	187	
Gjöld samtals		1 335
234 Húsmæðraskólinn á Akureyri:		
0 10 Laun	331	
0 50 Önnur rekstrargjöld	115	
Gjöld samtals		446
235 Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt:		
0 10 Laun	186	
0 20 Viðhald	495	
Gjöld samtals		681
Viðfangsefni:		
02 Viðhald	495	
03 Orlofs- og forfallakennsla	186	
Gjöld samtals	681	

	Þús. kr.	Þús. kr.
241 Hjúkrunarskóli Íslands:		
0 10 Laun	6 183	
0 20 Viðhald	275	
0 30 Vextir	82	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	530	
0 50 Önnur rekstrargjöld	2 196	
	<hr/>	
Gjöld samtals	9 266	
1 00 Tekjur	700	
Mismunur	<hr/>	8 566
3 00 Lánahreyfingar út	113	
242 Vélskólinn:		
0 10 Laun	3 246	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður	750	
0 50 Önnur rekstrargjöld	1 800	
Gjöld samtals		5 796
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	355	
02 Bókleg kennsla	1 859	
03 Verklek kennsla og smíðar	2 146	
04 Námskeið utan Reykjavíkur	480	
05 Ósundurliðað	956	
	<hr/>	
Gjöld samtals	5 796	
243 Tækniskólinn:		
0 10 Laun	2 893	
0 30 Vextir	254	
